



# FRÉTTABLAÐIÐ



Íslenska kvennalandsliðið var tveimur mínútum frá því að komast á HM í fyrsta sinn en grátlegt sigurmark Hollendinga réð úrslitum. Það var fátt sem benti til þess að Hollendingar myndu brjóta isinn undir lokin þegar sigurmarkið kom. Stelpurnar okkar fara því í umspil og þurfa að vinna einn leik í október til að tryggja sér farseðil til Eyjaálfu á næsta ári. SJÁ SIÐU 10 FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Nýnasistar á Norðurlandi

**NORÐURLAND** Lektor í lögglufræði segir áhyggjuefni að sjá skilaboð frá nýnasistum í auknum mæli hér á landi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa límmiðar birst í Þingeyjarsveit og á Húsavík en Páley Borgþórsdóttir, lögglustjóri á Norðurlandi eystra, kannast ekki við skilaboðin.

Á einum aflímniðunum er vísað í heimasíðu Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar, sem á uppruna í Svíþjóð en hefur dreift úr sér á Norðurlöndunum.

„Þetta eru nýnasistar, það er engin spurning, þannig fjalla fráðin um þetta. Við erum að tala um forræðishyggju sem stendur vörð um hvíta kynstofninn, að hann byggji á menningarlegum arfi, sem stenst ekki skoðun,“ segir Eyrún Eypórsdóttir, lektor í lögglufræði við Háskólann á Akureyri. SJÁ SIÐU 4

## Biðlistar sem Covid-faraldurinn skapaði styttast hægt á Landspítala

Biðlistar á Landspítalanum lengdust mjög í Covid og hægt gengur að vinda ofan af þeim. Kennari sem biður eftir hnéadgerð undrast að ríkið neiti að skipta við Klíníkina.

gar@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Bið Ragnars Hilmarssonar grunnskólakennara eftir liðskiptum á hné lengist stöðugt. Ragnar hitti lækni í febrúar 2021.

„Hann sagði mér að biðin eftir aðgerð gæti orðið ár en að hún ætti að verða styttri,“ rekur Ragnar. Eftir ár hafi verið sagt að aðgerðin gæti fyrst orðið í sumar eða haust.

„Nú var sagt að þetta yrði ekki

fyrir en einhvern tímann á næsta ári.“ Skýringar séu sagðar skortur á starfsfólki á Landspítalanum.

Ragnar freistar þess einnig að komast að á sjúkrahúsum á Akranesi og á Akureyri. „Það þýðir að ég þarf bæði að fara í viðtal við lækni á Akureyri og lækni á Akranesi og það þarf að taka myndir á báðum stöðum – það er engin samvinna þarna á milli,“ segir Ragnar.

Nýlega kveðst Ragnar hafa frétt að fólk sem hafi ekki fengið slíka aðgerð innan þriggja mánaða eigi rétt á að fara til útlanda í aðgerð á kostnað Sjúkratrygginga Íslands. Sé kostnaður við það margfalt meiri en þær 1,2 milljónir króna sem sama aðgerð kosti hjá Klíníkinni í Reykja-



Þegar verið er að vinna biðlistana niður ræður bráðleiki för.



Andri Ólafsson, upplýsinga- fulltrúi á Landspítalanum

vík. Ríkið vilji hins vegar ekki greiða fyrir slíkar aðgerðir þar.

„Ég hef rætt við Willum heilbrigðisráðherra. Hann segist vera að vinna í þessu á fullu. Það er afar skrítið að við séum með Klíník og hæft fólk sem gæti stytt biðlistana en þeir séu ekki tilbúnir að borga fyrir það en til í að borga fyrir þetta á einkasjúkrahúsum erlendis.“

Að sögn Andra Ólafssonar, upplýsinga- fulltrúa á Landspítalanum, lengdust biðlistar í nánast öllum aðgerðaflokkum gríðarlega í Covid. Ekki hafi tekist nægilega vel að stytta listana. „Þegar verið er að vinna biðlistana niður ræður bráðleiki för. Þá hefur lífsógnandi ástand meiri forgang en annað.“ ■

# Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA AFHENDING



Þórunn Björg Bjarnadóttir.

## Stígur til hliðar vegna tengsla við dýraníðsmál

jonthor@frettabladid.is

**ALÞINGI** Varþingmaður Flokks fólksins er hættur í flokknum. Ástæðan er tengsl varþingmannsins við dýraníðsmál í Borgarfirði. Greint hefur verið frá því að umræddur varþingmaður sé Þórunn Björg Bjarnadóttir, sem skipaði annað sæti flokksins í Norðvesturkjördæmi í síðustu alþingiskosningunum.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segir í samtali við Fréttablaðið að málið slái flokkinn illa.

„Þetta er ekki í anda okkar. Eins og þú veist. Við höfum verið málsvari þeirra sem eiga bágt, bæði manna og málleysingja,“ segir Inga.

Hún segist hafa heyrt um málið í fyrradag, eða daginn þar á undan, og í kjölfarið hafi málið verið leyst farsælega og varþingmaðurinn stigið til hliðar. Hún ítrekar að varþingmaðurinn hafi ekki verið rekinn, heldur stigið til hliðar. ■

## Fimmtánda forsætisráðherrann í tíð Elísabetar



Það fór vel á með Elísabetu Englandsdrottningu og Liz Truss sem tók við embætti forsætisráðherra Bretlands í gær. Truss er fimmtánda forsætisráðherrann í stjórnartíð Elísabetar og þriðja konan. Vegna heilsufarsvanda Elísabetar tók hún á móti Truss í Balmoralkastala í Aberdeen í Skotlandi en ekki Buckinghamhöll í London líkt og tíðkast hefur hingað til. **SJÁ SIÐU 9**

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Óvenjulega gott miðað við árstíma

kristinnpall@frettabladid.is

**VEÐUR** „Já, það er alveg hægt að segja að það sé óvenjulegt að sjá þessar hitatölur, 22 stiga hita tvo daga í röð á þessum tíma ársins, þótt það hafi auðvitað gerst áður. Á þessum árstíma þarf góðar aðstæður til þess,“ segir Teitur Arason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, aðspurður hvort það sé algengt að blíðviðri sé dag eftir dag á þessum árstíma.

„Staðan er góð fyrir blíðviðri. Það er hlýr loftmassi yfir landinu og hæð yfir landinu sem heldur lægðinni frá. Með því kemurðu í veg fyrir vind og úrkomu og skapar þetta blíðskaparveður. Hæðir sem þessar valda um leið niðurstreymi sem heldur skjúnum að mestu leyti í burtu, fyrir utan þokumyndun yfir sjó,“ segir Teitur sem á von á góðu veðri í dag en að það fari að vökna í Reykjavík þegar nær dregur helgi. ■



Reykvíkingar tóku veðurblíðunni á mismunandi hátt. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

## Trjáskurl er ólögleg fallvörn á leiksvæðum á leikskólum

Sérfræðingur í slysavörnum barna segir að trjáskurl eigi ekki heima á leikskólalóðum sem fallvörn. Það standi skýrt í reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða. Ísafjarðarbær notar trjáskurl við leikskóla, sem foreldrar og starfsmenn eru ósáttir við. Bærinn hefur samþykkt að skoða málið.

benediktboas@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** „Trjáskurl virkar ekki á Íslandi sem öryggisundirlag og þetta efni á ekkert að vera þarna,“ segir Herdís Storgaard, sérfræðingur í slysavörnum barna, en í gær var greint frá því að litid barn á leikskólanum Eyrarskjóla á Ísafirði hefði sett trjáskurl í munninn, það fór niður í háls barnsins og sat þar fast. Kennari sá atvikið og brást við, en það ekki gekk að losa kurlid út háls barnsins fyrr en það ældi við átökin við að reyna að ná andanum og losa sig við það.

Þegar lóðin við leikskólann Eyrarskjól var endurnýjuð á síðastliðnu ári kom í ljós að fyrirhugað var að setja þar trjáskurl sem fallvörn, bæði á afmarkaðri ungbarnalóð sem og á stóru lóðinni. Stjórnendur leikskólans lýstu strax efasemdum við bæinn um að slíkt væri löglegt.

Herdís þekkir reglugerðir um öryggi á leikvöllum betur en flestir og segir sjálf að hún þekki hvern lagabókstaf enda tók hún þátt í að skrifa hann fyrir 20 árum. Þá sé hún nýbúin að taka að sér fyrir hönd umhverfisráðuneytisins að endurskoða og bæta reglugerðina og er varamaður í Evrópunefndinni.

„Þetta er örugglega ólöglegt því þetta trjáskurl er alveg örugglega framleitt á Íslandi sem þýðir að undirlagið hefur ekki verið prófað.



Lóðin við Eyrarskjól fékk andlitslyftingu og var ákveðið að nota trjáskurl sem fallvörn, nokkuð sem sérfræðingur í slysavörnum barna segir að sé ólöglegt.

MYND/ÍSAFJARÐARBÆR

Það þýðir að það uppfyllir ekki gildandi reglugerðir og þetta er því falskt öryggi. Svo er þetta hættulegt eins og dæmni sanna.“ Hún segir að enginn aðili prófi trjáskurl hér á landi og erlendu aðilarnir neiti að selja Íslandi trjáskurl enda sé hér frost í jörðu.

„Þetta er algjörlega út í hött að setja kurl sem er framleitt á Íslandi og ekki prófað. Það þarf að vera af ákveðinni stærð og þetta er kúrskýrt í reglugerðinni og það er enginn sem getur prófað þetta hér á landi. Ef það var prófað var það prófað í útlöndum.

Þar sem ekki er frost í jörðu er trjáskurl að virka ágætlega eins og í Ástralíu og á Suður-Spáni en ekki á köldum stöðum eins og Ísafirði,“ segir Herdís.

Trjáskurl sagnar í sig vatn og frýs og verður því hart sem tekur alla dempun úr og virkar því ekki ef barn dettur.

„Viðurkenndur trjáskurlsaðili úti í heimi myndi alltaf neita að selja trjáskurl til Íslands vegna veðurs.

Kaupandi, seljandi, hönnuður og aðrir þurfa að uppfylla reglugerðina þannig að það er augljóst að bæjaryfirvöld hafa ekki lesið reglugerðina,“ segir Herdís.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Arna Lára Jónsdóttir, er að afla sér frekari gagna í málinu.

Leikskólastjóri Eyrarskjóls, Guðríður Guja Guðmundsdóttir, segir að stjórnendur hafi strax fengið slæma tilfinningu fyrir trjáskurlinu en hún og Ingibjörg Einarsdóttir aðstodarskólastjóri fengu þær skýringar að þetta væri einfaldlega rangt hjá þeim.


Ingibjörg sendi bréf á bæinn í vikunni þar sem raunum þeirra var lýst. „Ísafjarðarbær er eigandi lóðarinnar og ríkuleg ábyrgð liggur hjá ykkur að umhverfi barnanna í leikskólanum sé öruggt fyrir lítil börn sem dvelja hér. Eg lít þannig á að þegar við vitum af hættunni og ef ekki verður brugðist við án tafar, þá erum við öll án afsökunar þegar alvarlegt óafturkræft slys verður,“ skrifaði Ingibjörg. ■

**SR3**  
STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
30 ÁRA

**MARIA SCHNEIDER**

Náðu þér í boðsmíða á **HARPA.IS** og **TIX.IS**

► 18. SEPTEMBER  
► KL. 20.00  
► ELDBORG



MAXUS

# AKTU INN Í FRAMTÍÐINA Á 100% RAFKNÚNUM EUNIQ 6!

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR EUNIQ 6, GLÆSILEGAN SPORTJEPPA  
SEM KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART



VERÐ KR.

**6.250.000**

MAXUS EUNIQ 6  
5 SÆTA

ALLT AÐ 350 - 452  
KM (WLTP) DRÆGNI

Maxus Euniq 6 er sportjeppi hlaðinn búnaði  
til að gera þér lífið léttara og skemmtilegra.

Nánari upplýsingar á [vatt.is](http://vatt.is)



vatt ehf



vatt ehf



vatt ehf

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

[www.vatt.is](http://www.vatt.is)

[soludeild@vatt.is](mailto:soludeild@vatt.is) / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

**vatt** ehf



# Nýr MG ZS EV

## Til afhendingar strax!



Endurræsa  
Endurhugsa  
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

### MG ZS EV 50 kWh Comfort

320 km WLTP drægni\*, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!  
Verð frá: 4.390.000 kr.

[mgmotor.is](http://mgmotor.is)

Recharge yourself



\*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggji og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á [www.mgmotor.eu/is-IS/](http://www.mgmotor.eu/is-IS/)

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



## Sómalia á barmi hungursneyðar

thp@frettabladid.is

**SÓMALÍA** Fimmta árið í röð er útlit fyrir að þurrkar valdi uppskerubresti í Sómaliu. Meira en 700 börn hafa látist vegna vannæringar og UNICEF segir hungursneyð yfirvofandi. Árið 2011 létust um 250 þúsund manns úr hungri í landinu, að langstærstum hluta börn.

Auk hungurs herja smitsjúkdómar á borð við mislinga, malaríu og kóleru á Sómali. Líkt og hungrið koma þeir verst niður á börnum. Sameinuðu þjóðirnar hafa óskað eftir um hálfum milljarði dollara í neyðarástoð vegna ástandsins. ■



Þútín fylgdist grannt með í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Þútín á heræfingu

thp@frettabladid.is

**RÚSSLAND** Vladímír Þútín Rússlandsforseti var í gær við heræfingar rússneska hersins og vinveittra ríkja sem nú fara fram í austurhluta landsins, skammt frá landamærunum að Norður-Kóreu og Kína. Þær bera heitið Vostok-2022 og þátt í þeim taka hermenn frá Kína, Laos, Indlandi, Mongólíu, Nikaragva, Sýrlandi, Armeníu, Kasakstan, Kírgistan, Alsír, Hvíta-Rússlandi og Tadsíkistan.

Heræfingarnar hófust 1. september og lýkur í dag. Þátt í þeim taka um 50 þúsund hermenn auk fjölda flugvéla og skipa. Síðast fóru samþærligar heræfingar fram árið 2018. ■

# Vinstri- og hægriblokkir hnífjafnar

Kosningarnar í Svíþjóð á sunnudag verða afar spennandi og stjórnarmyndun gæti orðið snúin. Stjórn málafræðingur segir Svíþjóðardemókrata hafa riðlað blokkakerfinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SVÍÞJÓÐ** Skoðanakannanir benda til þess að afar mjótt sé á munum milli vinstri- og hægriblokkanna í Svíþjóð fyrir kosningarnar á sunnudag. Stjórnarmyndun gæti hins vegar reynst snúin.

Kosið er um 349 þingsæti í 29 kjördæmum. Þróskuldurinn er 4 prósent og fastlega er búist við að allir átta flokkarnir sem nú eiga sæti á sænska þinginu komist yfir hann.

Staðan í sænskum stjórnmálum í dag er margslungnari en oft áður. „Þetta hefur verið óvenjulegt kjörtímabil. Stjórnmál í Svíþjóð eru yfirleitt frekar stöðug,“ segir Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur.

Það tók Stefan Löfven fjóra mánuði að mynda ríkisstjórn eftir kosningarnar árið 2018 með Umhverfislögreglu á meðan Vinstriflokkurinn, Miðflokkurinn og Frjálslyndir vörðu hana falli. Árið 2021 missti Löfven stuðning Vinstriflokkssins vegna húsaleigumála og lauk þeim málum með útgöngu hans úr stjórnmálum en Sósíaldemókratar sitja nú einir í stjórn með Magdalenu Andersson sem forsætisráðherra.

Birgir segir að stóra undirliggjandi málið sé hvor blokkin stýri landinu næstu fjögur árin. Andersson styðjist við Vinstriflokkinn, Miðflokkinn og Umhverfislögreglu. Ulf Kristersson, formaður Hægriflokkssins Moderata, styðjist við Frjálslynda, Kristilega demókrata og Svíþjóðardemókrata.

Sósíaldemókrataflokkurinn mælist langstærstur með 29 prósent fylgi og vinstriblokkin 49,7 prósent í könnunum. Hægriblokkin mælist með 49 prósent en Moderata aðeins 17,6 prósent af því en Svíþjóðardemókratar með 19,9.



Ulf Kristersson, formaður Moderata, og Magdalena Andersson, formaður Sósíaldemókrata, berjast um forsætisráðherrastólinn í Svíþjóð. Kosningar fara fram í landinu næstkomandi sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Birgir segir mikið fylgi Svíþjóðardemókrata hafa riðlað öllu blokkakerfinu.

Hann segir að fái Svíþjóðardemókratar meira upp úr kjörkössunum en Moderata gæti það flækt stöðuna fyrir stjórnarmyndun á hægrivængnum. Moderata geti ekki myndað stjórn án Svíþjóðardemókrata. Fordæmi séu þó fyrir því að minni flokkur stýri ríkisstjórn. Svo sem eftir dönsku kosningarnar árið 2015 þegar Hægriflokkurinn Venstre myndaði ríkisstjórn með stuðningi Danska þjóðarflokkssins. Líkt mynstur gæti lést að nýju.

Miðflokkurinn, sem áður sat í ríkisstjórn með hægrimönnum, flutti sig um blokk því hann vildi ekki neitt samstarf með Svíþjóðardemókrötum, sem er róttækur hægripopúlístaflokkur með rætur í nýnasisma.

Flækjan á vinstrivængnum



**Aðildin að NATO er ekki sérstaklega umdeilt mál.**



Birgir Hermannsson, stjórnmálafræðingur

lýtur að því að Miðflokkurinn vill Vinstriflokkurinn ekki í stjórn og Vinstriflokkurinn vill ekki styðja stjórn sem hann á ekki sæti í. Birgir á von á því að fái vinstriblokkinn

meirihluta verði óbreytt samstarf, Sósíaldemókratar í ríkisstjórn með þremur stuðningsflokkum.

En völd eru ekki það eina sem kosningarnar snúast um. Orkumál hafa verið fyrirferðarmikil og velferðar- og efnahagsmál. Ein stærsta breytingin í sænskum stjórnmálum frá upphafi, aðildarumsókn að NATO, er ekki hitamál.

Mestar efasemdir heyrast þó frá Vinstriflokknum. „Flestir aðrir samþykkja þessa umsókn. Sumir telja hana illa nauðsyn en aðrir hafa lengi stefnt að henni.“ Málið er hins vegar viðkvæmt vegna samninganna við Tyrki og krefjist því styrkrar ríkisstjórnar.

Innflytjendamála og mál tengd glæpum og gengjum hafa einnig verið í sviðsljósinu. „Svíþjóðardemókratar hafa fengið mikið fylgi út á þessi mál og þau hafa reynst ríkisstjórninni erfið,“ segir Birgir. ■

## Framboðsfrestur

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í listakosningu í VR við kjör fulltrúa félagsins á 45. þing Alþýðusambands Íslands 2022.

Kjörinn verður 91 fulltrúi og 40 til vara. Framboðslistar, með fyrirliggjandi samþykki allra sem á listunum eru, ásamt meðmælum 300 fullgildra VR félaga, þurfa að hafa borist kjörstjórn á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, fyrir kl. 12:00 á hádegi 15. september næstkomandi.

Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

VR



Harpa Þórsdóttir og Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

MYND/ÁÐSEND

## Nefndin getur ekki afturkallað skipan

bth@frettabladid.is

**ALÞINGI** Eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis aflar nú gagna um beitingu 36. greinar starfsmannalaga þar sem embættismenn eru skipaðir með tilflutningi án þess að staða sé auglýst. Vinnan er afleiðing skipunar Lilju Alfreðsdóttur ráðherra í stöðu þjóðminjavarðar.

„Við eigum von á að gögnin berist fyrr en síðar,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður nefndarinnar. Stefnt er að því að nefndin klári málið næsta mánudag.

Til greina komi að nefndin hrindi af stað frumkvæðisathugun og þá yrðu kallaðir til vitnis ýmsir umsagnaraðilar, bæði innan úr Stjórnarráðinu sem og meðal hagsmunaaðila.



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður eftirlits- og stjórnskipunarnefndar

Spurð hvort það sé á valdsviði nefndarinnar að afturkalla skipunina, segist Þórunn að það sé ekki gerlegt.

„Það er á könnu framkvæmdavaldsins að skipa í stöðurnar. En við getum skrifað álit og lagt til breytingar á lögum.“

Fram hefur komið að Jóhann Páll Jóhannsson, þingmaður Samfylkingarinnar, er með frumvarp í smíðum um málið. ■

Bestu  
dagar  
ársins?

Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Síðasti séns!

**Tax  
free**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

1.-7. september

**HAGKAUP**





Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir klipptu á borða við Bakka árið 2015 ásamt Kristjáni Þór Magnússon, þáverandi sveitarstjóra Norðurþings, og Waldemar Preussner, eiganda PCC. **FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN**

## Skakkaföll og endurreisn kísilversins á Bakka

ggunnars@frettabladid.is

Gestur Pétursson, sem hefur verið ráðinn forstjóri PCC BakkiSilicon kísilversins á Bakka við Húsavík, verður fjórði forstjóri fyrirtækisins á jafnmörgum árum. Hann tekur við starfinu af Rúnari Sigurpálssyni, sem mun einbeita sér að þróunarmálum hjá fyrirtækinu.

Gestur sest í stól sem, allt frá gangsetningu verksmiðjunnar, hefur reynt nokkuð heitur. Erfiðleikar, uppsagnir og fjárhagslegar hremmingar hafa lítað sögu kísilversins frá því ofnar verksmiðjunnar voru fyrst gangsettir fyrir fjórum árum síðan.

Þótt saga kísilversins sé ekki löng þá átti uppbygging orkufreks iðnaðar á Bakka sér talsverðan aðdraganda.

Viljayfirlýsing um áformin var fyrst undirrituð árið 2011 og ráðist í framkvæmdir á svæðinu fjórum árum síðar. Verksmiðja PCC á Bakka við Húsavík var svo loks gangsett árið 2018.

Fyrstu mánuðirnir eftir gangsetningu voru forsvarsmönnum fyrirtækisins erfiðir. Hráefni fraus í tækjum í vetrarhórkunni og brösuglega gekk að halda ofnum verksmiðjunnar gangandi. Bilanir gerðu vart við sig í hreinsibúnaði í upphafi árs 2019 sem leiddi til þess að reykt og ólykt lagði frá skorsteinum verksmiðjunnar, íbúum á Húsavík til armæðu.

Vegna þessara byrjunarferiðleika í rekstrinum neyddust fjárfestar til að leggja verksmiðjunni til nærri því sex milljarða króna viðbótarframlag einungis einu ári eftir að framleiðsla hófst. Þar með var ljóst að upphafleg tugmilljarða fjárfesting íslenskra fjárfesta og lífeyrisgjóða var að engu orðin.

Enn syrti svo í álinn tveimur árum eftir að kveikt var á ofnum verksmiðjunnar í fyrsta sinn, eða árið 2020.

Þá greindi talsmaður fyrirtækisins frá því að búið væri að segja upp 80 starfsmönnum og að



Gestur Pétursson, nýr forstjóri PCC BakkiSilicon

slökkt yrði á báðum ofnum verksmiðjunnar tímabundið. Heimsfaraldri og verði á kísilmálmri var kennt um og sagðist Rúnar Sigurpálsson, þáverandi forstjóri, ekkert geta sagt til um hvenær framleiðsla verksmiðjunnar gæti hafist að nýju. Í apríl á síðasta ári var svo greint frá því að ofnar kísilversins hefðu verið ræstir á ný og allt starfsfólk endurráðið.

Síðan þá hefur hagur PCC á Bakka vænkast enda hefur kísilverð hækkað um umtalsvert og stöðugleiki náðst í framleiðslu verksmiðjunnar.

Þýska félagið PCC SE á 86,5 prósentu hlut í kísilverinu á Bakka á móti 13,5 prósentu hlut Bakkastakks, fjárfestingarfélags Íslandsbanka og íslenskra lífeyrisgjóða. Bakkastakkur hefur afskrifað stærstan hluta af fjárfestingu sinni í verkefninu. Eigið fé PCC á Bakka var neikvætt um þrjú milljarða króna í lok árs 2020 í kjölfar ríflega sjö milljarða króna taps á árinu.

Á síðasta ári skilaði fyrirtækið hins vegar jákvæðri rekstrarniðurstöðu í fyrsta skipti frá gangsetningu verksmiðjunnar.

Gestur Pétursson, nýr forstjóri PCC á Bakka, segist vera spenntur að vinna að þeim tækifærum sem hafi myndast vegna góðrar vinnu forvera hans og hagfelldari aðstæðu á mörkuðum.

Fráfarandi forstjóri, Rúnar Sigurpálsson, segir árin á Bakka hafa verið viðburðarík. „Eftir margvíslega upphafserfiðleika er rekstur verksmiðjunnar orðinn stöðugur. Fjárhagslegri endurskipulagningu er lokið og félagið vel í stakk búið til að takast á við framtíðaraskoranir.“ ■

## Gera ráð fyrir minni vexti á seinni helmingi ársins

Aðalhafnæðingur Íslandsbanka segir að hagvaxtar-tölur á öðrum ársfjórðungi hafi verið í takt við væntingar. Framkvæmdastjóri Analytica segir að vöxturinn hafi verið geysimikill en hann mældist 6,1 prósent á öðrum ársfjórðungi.

magdalena@frettabladid.is

Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi mældist 6,1 prósent, samkvæmt tölum Hagstofunnar sem birtar voru í síðustu viku. Vöxturinn var að stærstum hluta drifinn af einkaneysluvexti og mikilli fjölgun ferðamanna milli ára.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafnæðingur Íslandsbanka, segir að fyrri hluti þessa árs hafi einkennt af miklum eftirspurnarvexti.

„Tölurnar voru svona í ágætum takti við það sem við höfðum teiknað upp í vor þegar við gáfum út síðustu þjóðhagsspá. Mikill kortaveltuvöxtur og sérstaklega erlenda kortaveltan hjá heimilunum gaf tóninn fyrir mikla einkaneyslu í tölunum,“ segir Jón Bjarki og bætir við að hann búist við því að draga muni úr einkaneyslu- og fjárfestingavextinum á seinni helmingi þessa árs.

„Við erum um þessar mundir að vinna nýja þjóðhagsspá og við gerum ráð fyrir að vöxtur verði talsvert hægari á næstu tveimur árum vegna þess að innlenda eftirspurnin muni vaxa talsvert hægar auk þess sem þessi mikli vaxtarkippur sem hefur verið í ferðaþjónustunni mun líklega fjara meira út og ná jafnvægi.“

Yngvi Harðarson, framkvæmdastjóri Analytica, segir að vöxturinn á öðrum fjórðungi hafi verið geysimikill og að hann efast um að fólk átti sig á því raunverulega hversu mikill vöxtur þetta sé.

„Þegar maður færir þetta á árs-mælikvarða þá er vöxturinn á fjórðungnum talsvert langt yfir því sem maður getur búist við til framtíðar,“ segir Yngvi og bendir á að einkaneyslan og fjárfesting hafi að mestu knúið hagvöxtinn áfram.

„Samkvæmt tölum Hagstofunnar erum við að sjá 3,9 prósentu vöxt frá fyrri fjórðungi og ef maður færir það yfir á árs-mælikvarða þá erum við að tala um tveggja stafa tölu eða 16,5 prósentu hagvöxt á árs-mælikvarða sem er langt yfir því sem má búast við til framtíðar.“

Í Peningamála Seðlabankans sem komu út á dögunum kemur fram að bankinn spái 5,9 prósentu hagvexti í ár en það er 1,3 prósentum meiri vöxtur en spáð var í maí. Þá spáir bankinn að hagvöxtur á næstu tveimur árum verði um 2 prósent á ári.

Jón Bjarki segir að sú spá Seðlabankans sé í ágætum takti við þær horfur sem Greining Íslandsbanka sér fyrir sér.

„Miðað við þann hraða takt sem



Hagvöxturinn á öðrum ársfjórðungi var að stærstum hluta drifinn af einkaneysluvexti og mikilli fjölgun ferðamanna milli ára. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**



**Mikill kortaveltuvöxtur og sérstaklega erlenda kortaveltan hjá heimilunum gaf tóninn fyrir mikla einkaneyslu í tölunum.**



Jón Bjarki Bentsson, aðalhafnæðingur Íslandsbanka



**Ég á von á því að hagvöxtur verði minni á seinni helmingi ársins.**



Yngvi Harðarson, framkvæmdastjóri Analytica

loðnuveiði á þessu fiskveiðiári. Hins vegar eru ýmsir óvissuþættir eins og stríðið í Úkraínu og staða efnahagslífsins í heiminum.“

Jón Bjarki segir að staðan sé sú að Íslendingar hafi að minnsta kosti borð fyrir báru ef dregur úr eftirspurn í viðskiptalöndunum. Þá sé það mjög jákvætt að við séum ekki að sjá sama lífshæðisbætur vegna orkukostnaðar líkt og víða í Evrópu.

„Eins og er þá er mikill þróttur og horfur jákvæðar fyrir útflutningsgeirann þannig að líkurnar eru miklu minni á samdrætti hjá okkur en í löndunum í kringum okkur,“ segir Jón Bjarki og bætir við að það sé áhyggjuefni hversu erfiður veturinn geti orðið í Evrópu.

„Það eru líka merki um mögulegan samdrátt vestan hafs og við megum ekki gleyma því að við erum ekki einangruð í samfélagi þjóðanna. Það gæti verið að ef bakslagið verður alvarlegt í okkar helstu viðskiptalöndum að það dragi á endanum úr þrótti í hagkerfinu hér.“ ■



## FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

– UPPLIFUN Í ÖSKJU

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín



# Tími efnahagsaðgerða runninn upp í Bretlandi

Hagfræðiprófessor segir yfirvofandi orkukreppu ekki verri í Bretlandi en öðrum ríkjum Evrópu. Upplausn í stjórnárum landsins hafi hins vegar skapað meiri óvissu þar en annars staðar. Nýr forsætisráðherra landsins verði að gripa til aðgerða strax á fyrstu dögum í starfi eigi henni að takast að ávinna sér traust almennings.

ggunnars@frettabladid.is

Ljóst er að verkefni verða ærin fyrir Liz Truss, forsætisráðherra Bretlands, nú þegar hún hefur formlega verið sett í embætti.

Verðbólga er á uppleið í Bretlandi og efnahagslægi blasir við. Mál mála-anna og helsta áhyggjuefni almennings er sihækkandi verð á rafmagni og gasi en meðalorkukostnaður breskra heimila hefur tvöfaldast á síðustu tólf mánuðum.

Jón Danielsson hagfræðiprófessor segir traust almennings til nýs forsætisráðherra standa og falla með því sem hún gerir strax á fyrstu dögum í embætti. Vandí Bretlands, í efnahagslegu tilliti, sé þó ekkert einsdæmi.

„Þær efnahagsþrengingar sem herja á Bretland eru vissulega mjög alvarlegar en þær eru samt ekkert endilega mikið verri en þrengingar annarra ríkja í Evrópu,“ segir Jón.

„Þessi mikla umfjöllun um ástandið í Bretlandi er tilkomin vegna upplausnarástandsins sem ríkt hefur í stjórnárum landsins undanfarnar vikur. Stjórnálin í Bretlandi hafa verið í ákveðnu tómarúmi síðustu vikurnar á meðan bedið hefur verið eftir skipan nýs forsætisráðherra.“

Að sögn Jóns hafi engar mikilvægar ákvarðanir verið teknar svo vikum skipti.

„Ríkisstjórnin hefur ekki haft nein svör varðandi efnahaginn og það hefur æst alla upp, fjölmiðla ekki hvað sist.“

En stóra myndin í þessum þrengingum um alla Evrópu, að mati Jóns,



Liz Truss tók formlega við embætti forsætisráðherra Bretlands í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY



**Ríkisstjórnin hefur ekki haft nein svör varðandi efnahaginn.**



Jón Danielsson, hagfræðiprófessor

er að ríkin sem mest finna fyrir áhrifum stríðsins í Úkraínu séu mjög misjafnlega í stakk búin til að takast á við yfirvofandi áskoranir í orkumálum.

„Lönd eins og Svíþjóð og Frakkland geta hæglega sett þak á orkuverð. Vegna þess að orkufyrirtækin eru í eigu hins opinbera. Það styrkir þeirra stöðu til muna. Svo erum við með lönd eins og Þýskaland sem er ekki eins skuldsett og önnur lönd í sambærilegri stöðu. Þýska ríkið getur hæglega hjálpað fyrirtækjum og einstaklingum í gegnum þessar þrengingar. Það eru ekki öll lönd álfunnar í svo sterkri stöðu,“ segir Jón. Hann segir Bretland frekar skuldsett land á evrópskan mælikvarða. Það geri stöðuna alvarlegri þar en í Þýskalandi sem dæmi.

„Á móti kemur að Bretar framleiða töluvert af sinni orku innan-



**Meðalorkukostnaður breskra heimila hefur tvöfaldast á síðustu tólf mánuðum.**

lands. Þeir standa mjög framarlega í vindorku til dæmis. Þannig að þótt Bretar séu ekki sjálfbærir með sína orku þá eru þeir engu að síður á betri stað en margir hvað það varðar,“ segir Jón.

En nú beinast sem sagt allra augu

að nýjum forsætisráðherra. Tími aðgerða vegna ástandsins í efnahagnum sé runninn upp í Bretlandi.

„Vandamál Liz Truss er að hún fær ekki þá hveitibrauðsdaga sem aðrir forsætisráðherrar hafa fengið í gegnum tíðina. Hún verður að stíga mjög ákveðið inn í þessa stöðu strax í þessari viku með markvissum og raunhæfum aðgerðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hún getur ekki leyft sér að gera ekki neitt.“

En fleira komi til en aðgerðir að mati Jóns. Hvernig Truss takist til við að blása breskum almenningi von í brjóst eigi einnig eftir að skipta sköpum.

„Hún hefur ekki þessa persónu- töfra sem Boris Johnson, þrátt fyrir alla sína galla, hafði sem forsætisráðherra. Það á ugglaut eftir að reynast henni erfitt,“ segir Jón Danielsson. ■

## Stefnir á að opna fimm stöðvar á næstu árum

### ■ Svipmynd

Svanlaug Jóhannsdóttir

**Nám:** MA í nýsköpun í tónlist og sviðslistum frá LHÍ og BS í viðskiptafræði frá HR með smá viðkomu í ESADE í Barcelona.

**Störf:** Eigandi og framkvæmdastjóri OsteoStrong á Íslandi. Önnur störf, til dæmis verkefnastjóri hjá Mussila tónlistarkennsluappi, Klakinu nýsköpunarmiðstöð, markaðsdeild Nýherja og Reykjavík Records. Sviðsstjóri og aðstoðarleikstjóri í fimm leikhúsum á West End í London og framleiðandi að nokkrum leiksýningum á Íslandi.

**Fjölskylduhagir:** Maðurinn minn og lukkan í lífinu er Örn Helgason sem er jafnframt meðeigandi og samstarfsmaður minn í OsteoStrong. Ísgerður tólf ára og Starkaður níu ára sjá með okkur til þess að húsið sé alltaf fullt af ást og knúsi.

Svanlaug Jóhannsdóttir er stofnandi OsteoStrong á Íslandi. Hún á fjölmörg áhugamál og stefnir á að opna fimm starfsstöðvar á næstu sex árum.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Vá, þau eru sko mörg! Þetta dæmigerða: ferðast, syngja, nýja stjórnarskráin, kynnast nýrri menningu og skemmtilegu fólki. Sífellt meira er það bara þetta: að manneskjan fái að njóta sín á eigin forsendum. Það kristallast svo í ýmsu sem ég geri, til dæmis stofna OsteoStrong til að bjóða fólki að losa sig við verki, stofna Píkusport.is til þess að opna á alvarlega umræðu um vandamál sem tengast gríndarbotnsvöðvum eða halda gríndleika þar sem ég tek fyrir málefni sem mér finnst við þurfa að ræða sem samfélag eins og hvernig við tölum um dauðann. Ég sé það þegar ég skrifa þetta að það hljómar skringilega en fyrir mér eru þetta allt sprotar af sömu greininni.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Þókin Olía eftir Svíkaskáld er enn að gerjast með mér. Sex frábærar konur koma saman með eina bók. Heild sem þær skapa saman en samt á hver þeirra einn kafla með augljós- um höfundareinkennum. Ég er enn hugsu yfir möguleikum samstarfs, liðsheildar og persónulegs vaxtar með breyttum vinnubrögðum og hugmyndafræði.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss- erum?

OsteoStrong var eins árs gamalt fyrirtæki þegar Covid skall á. Það



Uppáhaldsborg Svanlaugar er Madrid en hún ferðaðist oft þangað þegar hún bjó í spænskri sveit ásamt eiginmani sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

flækti náttúrulega mikið fyrir rekstri eins og hjá öllum. Það kom á óvart hvað það tók ofboðslega á að finna hentugt húsnæði fyrir starfseminna. Fyrst þegar við þurftum að flytja úr Borgartúni í Hátún vegna framkvæmda og svo þegar við bættum við okkur stöðinni í Ögurhvarfi. Góðu fréttirnar eru þær að ég er orðin ágætis iðnaðarmaður eftir þetta brölt.

Hvaða áskoranir eru fram undan? Við fáum oft í viku fyrirspurnir

um það hvort við ætlum ekki að opna bráðum á Selfossi og Akureyri. Við stefnum á að opna fimm stöðvar á næstu sex árum. Við erum í samræðum við mögulega samstarfsaðila á Akureyri en þetta er allt eitthvað sem tekur tíma.

Það eru þrjár rannsóknir á virkni OsteoStrong í gangi í heiminum í dag, meðal annars á Karolinska- sjúkrahúsinu í Svíþjóð. Fyrstu niðurstöður eru frábærar og enn frekari staðfesting á því hvað OsteoStrong-

kerfið hefur áhrif á mannslikamann á fjölbreyttan hátt. Okkar verkefni er að undirbúa okkur vel svo þegar þær birtast þá getum við gripað boltann og þjónustað enn fleiri hópa.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Við vorum fimmta landið í heiminum til að opna OsteoStrong. Öll ný tækni er dýr í byrjun. Ef hún skiptir máli verður hún aðgengilegri og ódýrari, eins og áskrift í líkamsrækt eða gsm-símar. Ég sé fyrir mér að það verði jafn sjálfsagt að skella sér í OsteoStrong einu sinni í viku eins og það er að tannbursta á sér tennurnar tvisvar á dag. Ég sé fyrir mér að ég hafi þá betri tíma og forsendur til þess að fylgja með öðrum spennandi nýjungum og halda þannig alltaf áfram að bæta þjónustuna við frábæra fólkið sem treystir okkur fyrir heilsu sinni, peningum og tíma.

Ef þú þyrfti að velja annan starfs- frama, hvað yrði fyrir valinu?

Ég er alltaf með annan fótinn á sviðinu að syngja eða flytja texta. Ætli ég myndi ekki bara fara í það af fullum þunga.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Madrid. Við bjuggum í spænskri sveit þar sem maðurinn minn var með frábæra vinnu, stærstur í nautakjöti á Spáni. Við ferðumst næstum allar helgar og vorum einn til þrjár helgar í mánuði í Madrid. Mér finnst borgin betri í hvert einasta skipti sem ég kem þangað. ■

# Tröll í hópefli



Þórarinn  
Þórarinnsson  
thorarin  
@frettabladid.is

**N**etröll allra landa eru með böggum hildar yfir þeirri annars sjálfsgöðu þróun að afþreyingarmenningin mjakast jafnt og þétt í jafnréttisátt.

Konur, fólk með dökka húð og jafnvel hin-segin rjúfa nú markvisst hin helgu vé hvítra, gagnkynhneigðra forréttindakarla sem hafa í krafti hefðar og úreltra gilda notið einkaréttar á því að vera aðalhetjur og virkustu gerendurnir í kvikmyndaskáldskap.

Þessa dagana þenja tvær nýjar sjónvarps-seríur, House of the Dragon og The Lord of the Rings: The Rings of Power, taugar nettröllkarlanna þannig að harmakveinin og fúkyrða-flaumurinn bergmálar í netheimum.

Söguvið þáttanna eru, vel að merkja, fjarstæðukenndir fantasíuheimar kenndir annars vegar við Game of Thrones en hins vegar hina fornfrægu og yfirþyrmandi karllægu Hringadróttinssögu Tolkiens.

Aðstandendur beggja þátta fóru lóðbeint í gapastokk internetsins fyrir helgispöll á borð við að tefla fram svörtu fólk sem ekki aðeins skartar ljósum lokkum Daenerys Targaryen heldur eru líka auðug og voldug! Þá birtast þarna ákveðnar og sterkar konur sem eru eitt-hvað aðeins annað og meira en kynferðisleg viðföng áhrifakarlanna sem ríða um héruð með dólgi og ruddaskap.

Nördarnir í Miðgarði þjappa sér því eðlilega saman yst á hægri kantinum, frávíta af áhyggjum yfir þeirri goðgá að þar ganga lausar alls konar konur, hörundsdökkur álfur og persónur af ýmsum kynþáttum öðrum en þeim sem kenndur er við Kákasus.

Þykir þarna komin enn ein „serían þar sem kona sem að enginn tengir við er sett í aðalhlutverk“, eins og einn orðar það á Facebook. Rétt er að halda þó til haga að hrópandinn í fjölþjóðlegu eyðimörkinni hefur að sjálfsgöðu „ekkert á móti konum“. Það er bara svo „miklu trúlegra að sjá kall berjast fyrir framtíð mannkyns“.

Óneitanlega sérkennilegt að eiga ekki í neinum vandræðum með að tengja við eldspúandi dreka, talandi tré, orka og hobbíta en láta sér bregða svo við að sjá sterkar konur og hörundsdökka álfa að raunveruleikatengingarnar rofna.

Þetta var ekki svona ofboðslega flókið fyrir en leppalúðar, þjakaðir af brundfyllisgremju, fengu sína alþjóðlegu, rafrænu samráðsgátt þar sem hversdagslegt sjónvarpsgláp snýst úr skemmtun yfir í taugaveiklunartrylling sem umturnar þeim í steinrunnin, heimsk og leidnileg tröll andspænis eðlilegri aðlögun fantasíunnar að raunveruleika 21. aldarinnar. ■

”  
Þetta var ekki svona ofboðslega flókið fyrir en leppalúðar, þjakaðir af brundfyllisgremju fengu sína alþjóðlegu, rafrænu samráðsgátt.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is  
benediktboas@frettabladid.is

### Þrætuþli á dagskrá

Alþingismenn tínast nú brátt niður á Austurvöll til að taka upp þráðinn við mas og þras. Fyrirtaks þrætuþli er fyrirséð í væntanlegri skýrslu frá Ríkisendurskoðun um tilhögun sölu í Íslandsbanka. Sú skýrsla átti að vísu að vera tilbúin í júní og síðar ágúst. Tafir eru meðal annars skýrðar með sumarleyfum starfsmanna sem virðast hafa komið forvígismönnum stofnunarinnar algerlega að óvörum að þessu sinni. En skýrslan mun senn berast og þingmenn taka til óspilltra málanna við að laga niðurstöðurnar að því sem þau hafa hvert og eitt áður haldið fram um málið.

### Alvöruskrifstofa

Rekstur skrifstofunnar á Landspítalanum kostaði 5,5 milljarða króna í fyrra. Spítalinn fær 85 milljarða á ári til að reka sig. Nú á Björn Zoëga að taka til í gölnum skrifstofurekstri spítalans og fara kannski bara að ráða lækna og hjúkrunarfræðinga í staðinn fyrir að stækka skrifstofuna eins og forverar hans virðast hafa gert. Theódór Skúli Sigurðsson læknir var í Íslandi í bitíð á Bylgjunni í gær þar sem sagði þó að Björn ætti frekar að reyna að finna krónur og aura annars staðar en að skera niður inn á við. Kannski eru það skrítnustu ummæli gærdagsins. ■

## Að byrja á byrjuninni



Jódís Skúladóttir  
þingmaður VG


Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur bent á að geðheilbrigðismál séu ein helsta áskorun sem heilbrigðiskerfi okkar og alþjóðasamfélagið muni þurfa að takast á við í framtíðinni. Í því samhengi er nauðsynlegt að leggja áherslu á andlega, líkamlega og félagslega vellíðan barna í gegnum menntun og fræðslu. Þannig má vinna gott forvarnarstarf sem skilar sér í efling andlegrar og líkamlegrar heilsu barna og komandi kynslóða.

Gríðarlega mikilvægt skref var stigið þegar 630 milljónum var úthlutað í geðheilbrigðisþjónustu af fjárlögum árið 2019. Snemmtæk iðlutun er grundvallaratriði og eru forvarnir sterkasta vopnið. Nú skipar heilsugæslan mikilvæga rullu á fyrstu stigum eftir að sálfræðiþjónusta var tryggð á heilsugæslum landsins og gerir það að verkum að þessi mikilvægi fyrsti snerti-flötur sé veittur í heimabyggð. Mönnun sálfræðinga á landsbyggðinni er þó mikil áskorun og því verður að fylgja þessu verkefni eftir og halda utan um það af festu. Eins og Svandís Svavarsdóttir fyrirverandi heilbrigðisráðherra benti á þá er „geðheilbrigði þjóða ekki eingöngu viðfangsefni heilbrigðiskerfisins heldur veltur það ekki hvað síst á öflugu menntakerfi, félagsþjónustu og dómsmálakerfi“. Nýrrar nálgunar er þörf og í skýrslu um „Framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030“ er lögð áhersla á að meðhöndla ekki einungis einkennin þegar allt er farið á versta veg heldur fara af krafti yfir í forvarnir og fræðslu og nýta geðfræðslu til að efla geðheilbrigði.

Sambærilegar niðurstöður má lesa úr tillögum starfshóps um „Innleiðingu geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi“ frá 2019 þar sem fram kemur að mikilvægt er að geðrækt og kennsla í geðrækt verði hluti af námi kennara og aðalnámskrá grunnskóla.

Nauðsynlegt er á tímum misvísandi upplýsinga, sem auðveldlega má nálgast á netmiðlum, svo og óheilbrigðra fyrirmýnda og viðmiða, að fræða börn og ungmenni um geðheilbrigði. Efla þarf þær leiðir sem þau sjálf hafa til að bæta eigin líðan, veita þeim fræðslu og kennslu í tilfinningastjórnun og eiga almenna heilbrigða umræðu um mannlegar tilfinningar. ■

”  
Snemmtæk iðlutun er grundvallaratriði og eru forvarnir sterkasta vopnið.



MARKAÐURINN

MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



HRINGBRAUT

# Hræsni Vesturlanda



**Hjálmtýr Heiðdal**  
formaður  
Félagsins Ísland -  
Palestína

Innrás Rússa í Úkraínu hefur afhjúpað hræsni Vesturlanda gagnvart Palestínu og Ísrael.

Þegar Rússar réðust inn í Úkraínu brugðust vestræn ríki skjótt við, fordæmdu innrásina og skipulögðu umfangsmiklar refsiaðgerðir, bæði efnahagslegar og menningarlegar gegn rússneskum fyrirtækjum og einstaklingum. Jafnframt hófu Bandaríkin, Bretland og fleiri lönd að senda Úkraínumönnum mikið magn hergagna. Viðbrögð ríkjanna eru eðlileg í ljósi þess að Rússland braut gegn fullveldi landsins, frelsi og mannréttindum Úkraínubúa.

Vesturveldin hafa svarað innrás Rússlandshers í Úkraínu með sniðgöngu, fjárfestingabanni og refsiaðgerðum. Rússneskir ferðamenn fá ekki að ferðast til fjölda landa, Rússum var kastað út úr Eurovisión, rússneskt lista- og íþróttafólk fær ekki að taka þátt í viðburðum, rússneskir bankar eru sviptir aðgangi að alþjóðakerfi bankastofnana, rússnesk flugfélög fá ekki að fljúga til Vesturlanda, þúsundir fyrirtækja hafa yfirgefið Rússland og hætt fjárfestingum þar og mörg lönd hafa bannað vöruflutninga til og frá Rússlandi.

Viðbrögð vestrænna ríkja við árásum Ísraels á Palestínubúum eru þveröfug við viðbrögðin gegn árásum Rússa. Í stað þess að beita Ísrael refsiaðgerðum þá veita ríkin, sem nú refsa Rússum, Ísrael ómældan stuðning á öllum sviðum. Til Ísraels eru send fullkornustu vopn sem völ er á. Árásaraðilanum eru send vopn til að berjja á nánast vopnlausri þjóð. Það jafngildir því að í stað Úkraínubúa fengi her Pútíns sendingarnar frá Bandaríkjunum til þess að geta drepð enn fleiri Úkraínubúa. Slíkt er vitileysan.

Ísrael er ekki beitt refsiaðgerðum þrátt fyrir að Palestínubúum hafi áráradir beint áskorunum til ríkja heims um að beita sk. BDS-baráttu- aðferð, þ.e. sniðgöngu, fjárfestingabanni og refsiaðgerðum (Boycott, Disinvestment, Sanctions).

Stuðningur vestrænna ríkja við Ísrael er ætíð „rökstuddur“ með yfirlýsingum um að Ísraelar hafi rétt til að verja sig. Jafnt íslensk yfirvöld sem önnur yfirvöld í Evrópu og Bandaríkjunum nota þessa möntru. En Ísrael er ekki að verja sig, þeir eru árássaraðilinn. Í áratugi hefur Ísraelsríki ráðist gegn grönnum sínum, stolið landi (Vesturbakkinn, Golan-hæðir), svipt íbúa lífi og limum og öllum mannréttindum. Ísrael hefur sent mörg hundruð þúsund eigin þegna til búsetu í þeim hluta landsins sem alþjóðasamfélagið hefur samþykkt sem framtíðarríki Palestínu.

Viðbrögð Palestínubúa er svar við árásum, frumkvæðið er ætíð hjá stjórnvöldum Ísraels. Það eru yfirvöld Ísraels sem ákveða að byggja æ fleiri landtökubyggðir í landi Palestínu, það eru sömu yfirvöld sem svipta hernumið fólk ferðafrelsi og hafa í raun innlimað svæðin í eigið ríki.

Ýmsir sem hafa gagnrýnt framferði NATO-ríkjanna í málefnum Úkraínu segja að útpensla bandalagsins í austur hafi átt þátt í því að Pútín sendi her sinn af stað – og þar með hafi Pútín verið að verja hagsmuni Rússlands. Hér eru þræddar sömu slóðir og notaðar eru til að réttlæta framferði Ísraels. En líkt og Ísrael, þá eru Rússar árássaraðil-

inn, þeir hafa hertekið landsvæði Úkraínu og hyggjast innlima það í sitt ríki.

Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, maður sem berst gegn öflum innan eigin lands sem vilja lýðræði feigt, styður Ísrael. Hann segir Ísraela hafa bjargað mörgum mannlífum með síðustu fyrirvaralausni árássinni á Gaza. Hann er ekki að fást um börnin 66 sem Ísraelsher drap í þeirri árás, hann var að tala um mögulegt mannfali í Ísrael. Biden hefur lýst



**Árásaraðilanum eru send vopn til að berjja á nánast vopnlausri þjóð.**

sig vera sionista og sionistar syrgja ekki börnin í Palestínu sem eru svipt sinni framtíð.

Ísraelsríki heldur milljónum

manna í herkvi og sviptir þær frelsi og öllum réttindum – meira að segja réttinum til að lifa.


Ísrael er ríki aðskilnaðarstefnu (Apartheid) eins og fram kemur í skýrslum fjölmargra mannréttinda-samtaka. Það þrífst ekki raunverulegt lýðræði þar sem helmingur íbúa svæðisins býr við skert mannréttindi og lifir í stöðugri ógn þegar öflugur her ræðst inn á heimili manna og fangelsar börn.

Þessar staðreyndir sýna hversu


illa Ísrael passar inn í okkar heim þar sem flestir kjósa frjálsslyndi og lýðræði – og dráp barna eða fangelsun ekki daglegt brauð í boði yfirvalda.

Vesturveldin gera rétt í því að styðja Úkraínubúa í baráttu þeirra upp á líf og dauða gegn her Pútíns.

Hins vegar er stuðningur sömu aðila við sionistaríkið Ísrael stuðningur við ofbeldi, landrán, manndráp og ólöglega aðskilnaðarstefnu. Þetta heitir á mannamáli hræsni. ■



990 kr.



1.490 kr.



990 kr.




990 kr.



1.490 kr.



990 kr.



1.490 kr.

**BÓKA MARKAÐUR**  
**Á FISKISLÓÐ 39**  
**7. SEPT.- 3. OKT.**

**OPNAR Í DAG**



690 kr.



990 kr.


**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**



4.990 kr.

**OPIÐ 10-19 ALLA DAGA**

**NÆG BÍLA- STÆÐI**



MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS

# Treystum grunnskólakennurum



**Helga Þórðardóttir**  
kennari og vara-  
borgarfulltrúi  
Flokks fólksins

Það er mikilvægt og krefjandi starf að vera kennari og það að binda vinnu á undirbúningi kennslu við ákveðna staðsetningu og tíma-ramma er úr takti við nútíma vinnuhætti. Undanfarin ár hafa grunnskólakennarar borgarinnar þurft að stimpla sig inn og út úr vinnu.

Stimplun í vinnustund er hvorki bundin í lög né er í kjarasamningi kennara. Reykjavíkurborg kom þessu kerfi á á sínum tíma í andrúmslofti tortryggni. Tíðarandinn þá var að allir ættu að vera á vinnustaðnum því annars væri fólk að svíkjust um. Í dag er þessi hugsun gamaldags samanber átak ýmissa stofnana um störf án staðsetningar.

Flokkur fólksins hefur lagt fram tillögu í borgarstjórn um að stimpilklukkan í vinnustund verði lögð niður í grunnskólum Reykjavíkur í samráði við Kennarafélag Reykjavíkur. Þannig væri kennurum sýnt traust og komið til móts við sjálfstæð vinnubrögð og sveigjanlegan vinnutíma kennara.

Grunnskólakennarar taka að sér

„  
Stimplun í vinnustund er hvorki bundin í lög né er í kjarasamningi kennara.“

ákveðið verkefni í upphafi hvers skólaárs, þ.e. að kenna ákveðnum hópi nemenda. Kennarar er stór hópur og það hentar sumum að klára alla vinnu í skólanum en margir vilja fremur sinna undirbúningi kennslu heima í ró og næði. Þetta stimpilklukkueftirlit með grunnskólakennurum er í andstöðu við nýja tíma og sveigjanlegan vinnutíma.

Háskóla-, framhaldsskólakennarar og aðrir sérfræðingar þurfa ekki að nota stimpilklukku og því mætti spyrja hvort grunnskólakennurum sé ekki treystandi eins og öðrum sérfræðistöttum?

Grunnskólakennarar eyða óþarfa tíma í það að færa inn stimplun í vinnustund. Kennarar sjá ekki tilganginn með þessu eftirliti sem veldur aðeins pirringi og minnkar starfsánægju. Mælikvarðinn á árangur kennarans er árangur og hamingja nemendanna en ekki stimpilklukkan.

Flokkur fólksins vill að grunnskólakennarar Reykjavíkur fái til baka það traust og þá virðingu sem þeir nutu um áráraðir. ■

# Lífið í nýju ljósi



**Birna G. Konráðsdóttir**  
þjónustuvegi  
í Ljósinu

„Það er svo margt að minnst á,“ segir í gömlum slagara og á vel við nú þegar í huganum er farið yfir vegferð sem hófst fyrir allnokkru, eða í september á síðasta ári. Því ferðalagi er alls ekki lokið, en virðist þó loks vera á leið út úr veðraviti, vonandi yfir í einhverja bliðu.

Í hugann koma alls konar myndir er tengjast nýrri stöðu, lífinu eins og það var og er í dag. Lífi sem aldrei verður samt, en skoðast nú í nýju ljósi.

Barnabarnið kemur hlaupandi til ömmu, þau hafa verið að búa til sápukúlur. Blásið kröftuglega og hlegið dátt er kúlurnar svífa um. Í gleði sinni tekur amma lagið, syngur með kútnum sínum gamla barnagælu um buxur, vesti, brók og skó. Hún fyllir lungun lofti, andar inn um nefið og út um munninn. Finnur ilminn af jurtum garðsins, tekur stubbinn í fangið og borar nebbanum í hálsakotið hans. Fátt jafnast á við lykt af barni.

Í dagsins önn taka fæstir eftir þeim litlu gjörðum sem felast í að blása bara á kerti eða lykta af blómi. Hlæja dátt eða raula gamalt lag. Þessar athafnir hafa verið edlilegur partur af hversdagslegu lífi flestra.



**Starfsfólk Ljóssins reyndist ljósið í mínu lífi þegar myrkrið var mest. Fyrir það fæst seint þakkað.**

En fyrir þann sem ekki getur það lengur, horfið málið öðruvísi við og hann þarf tíma til að átta sig á hinum nýja veruleika. Það sem áður var svo fyrirhafnarlaust er allt í einu ekki hægt eða afar torvelt.

Fyrir mig er þetta heimur sem ég hef kvatt. Aldrei mun ég blása aftur á kerti eða gera sápukúlur. Því síður að ég geti tekið gítarinn minn og sungið við eigið undirspil heima eða í góðra vina hópi og hlegið dátt

að einhverri vitleysu í sjónvarpi. Þetta er minn veruleiki nú, lífið mitt í nýju ljósi. Í sjálfu sér er það sjokk að reyna þessa breytingu á eigin skinni. Fatta að áður sjálfsgöðar athafnir eins og að anda með nefinu, eru ekki lengur í boði og verða aldrei.

Röddin mín varð krabbameini að bráð, raddbönd og barka þurfti að fjarlægja í skurðaðgerð ásamt með loftrásinni. Í dag anda ég í gegnum gat á hálsinum og tala með ventli sem festur er á vélindavegginn með því að ýta á tappa sem er framan á hálsinum. Hlátur minn heyrir ekki.

Hversdagslegar athafnir og jafnvel lífsnaðsynlegar hafa allt í einu gjörbreyst. Starfsfólk Ljóssins reyndist ljósið í mínu lífi þegar myrkrið var mest. Fyrir það fæst seint þakkað. Þegar á reynir eru það slík samtök sem gera fólki í minni stöðu lífið bærilegt.

Innilega þakkir! ■

# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

## SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**LAND ROVER Defender S 240d**

Nýskr. 7/2020, ekinn 62 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð: 12.490.000 kr.**

Rnr. 149281.



**JAGUAR F-PACE 180d Portfolio**

Nýskr. 3/2019, ekinn 44 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð: 8.690.000 kr.**

Rnr. 148334.



**JAGUAR I-PACE EV400 SE**

Nýskr. 12/2020, ekinn 32 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð: 9.590.000 kr.**

Rnr. 421013.

APPROVED  
CERTIFIED PRE-OWNED



**RANGE ROVER Sport HSE Dynamic P400e**

Nýskr. 5/2020, ekinn 29 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð: 14.990.000 kr.**

Rnr. 421010.

APPROVED  
CERTIFIED PRE-OWNED



**RANGE ROVER Sport HSE P400e**

Nýskr. 4/2019, ekinn 38 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð: 12.490.000 kr.**

Rnr. 410012.

APPROVED  
CERTIFIED PRE-OWNED



**RANGE ROVER VOGUE P400e**

Nýskr. 5/2020, ekinn 28 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð: 16.990.000 kr.**

Rnr. 421001.

**APPROVED**  
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**  
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík  
525 6500 / jaguarlandrover.is



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

MIÐVIKUDAGUR 7. september 2022



Liz Truss er þriðja konan sem gegnir embætti forsætisráðherra Bretlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Konur taka völdin

elin@frettabladid.is

Valdahlutföllin hafa breyst. Fleiri konur gegna nú embætti forsætisráðherra í löndum Norður-Evrópu en áður hefur þekkt.

Konur sitja í forsætisráðherra-stólum í öllum ríkjum Norðurlandanna að undanskildum Norgei. Erna Solberg hætti á síðasta ári eftir að hafa verið forsætisráðherra í tæp 8 ár. Katrín Jakobsdóttir er okkar forsætisráðherra og Mette Frederiksen hefur gegnt embætti forsætisráðherra Danmerkur frá árinu 2019. Svíar völdu konu í embætti forsætisráðherra í fyrsta skipti í fyrra, Magdalenu Andersson. Hún tók við af Stefan Löfven sem sagði af sér embætti forsætisráðherra í nóvember á síðasta ári. Þingkosningar verða í Svíþjóð um helgina og gaman verður að fylgjast með hvort hún haldi stólnum.

Finnski forsætisráðherrann og jafnframt sá yngsti á Norðurlöndum er Sanna Marín sem er fædd 1985 og því 37 ára. Sanna komst í alheimsfréttir fyrir stuttu vegna myndbirtingar. Sanna tók við embætti árið 2019. Forsætisráðherra Eistlands er Kaja Kallas og Ingrida Šimonyté í Litáen.

Bretar hafa nú aftur konu sem forsætisráðherra eftir að Liz Truss var kosin í embættið í stað Boris Johnson í vikunni.

Angela Merkel sem er nýhætt sem kanslari Þýskalands hefur setið lengst allra kvenna sem kjörin þjóðarleiðtogi. Hún var fyrsti kvenkanslari Þýskalands og lengi talin ein valdamesta kona í Evrópu. ■



Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé við endamarkið í Chamonix í Frakklandi þar sem hlaupið bæði hófst og endaði.

MYND/MAINDRU PHOTO

## Sigurvegari í eigin huga

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé tók nýlega þátt í UTMB-hlaupinu sem er um 172 kílómetra hlaup í kringum Mt. Blanc. Hún hóf að hlaupa árið 2009 og segir fátt toppa það að hlaupa úti í náttúrunni í góðum félagsskap yndislegra vina og félaga. **2**



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

### ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR



www.celsus.is



Starri Freyr  
Jónsson  
starri  
@frettabladid.is

Í lok ágústmánaðar tók Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé þátt í UTMB-hlaupinu í Ultra Trail du Mont Blanc-hlaupaseríunni, þar sem hlaupið er hringinn í kringum Mt. Blanc-fjallið sem liggur við landamæri Frakklands, Ítalíu og Sviss. Hlaupið er oft kallað „mekka fjallahlaupanna“ en það er 100 mílur (172 kílómetrar) með rúmlega 10.000 metra samanlagðri hækkun. Hlaupið byrjar í Frakklandi í bænum Chamonix og fer í gegnum Ítalíu og Sviss og þaðan aftur til Frakklands.

„Ég reyndi við þetta hlaup árið 2017 en náði ekki að klára þar sem ég fékk áreynsluastma, sem ég vissi ekki að ég væri með og þurfti því að hætta eftir rúmlega 80 kílómetra. Síðan þá hef ég glímt áfram við astmann, en er núna með astmalyf sem hjálpa mér þegar köstin koma. Ég æfði mjög vel fyrir hlaupið og fór auk þess út sem annar tveggja fararstjóra á vegum Náttúruhlaupa með tvo hlaupahópa sem hlupu á sex dögum hluta úr hring sem kallast TMB (Tour du Mont Blanc), samtals um 130 kílómetrar. Ég náði því samtals 300 kílómetra fjallahlaupaæfingum í Ölpunum í sumar með rúmlega 20.000 metra hækkun.“

### Ólýsanleg tilfinning

Það eru krefjandi tímamörk í UTMB og í ár var 32% brottfall hjá þátttakendum, þar af 43% brottfall hjá konum, segir hún. „Ég var aldrei bugð í hlaupinu, var alltaf glöð og ákveðin að klára, þótt ég hefði áhyggjur af astmanum sem tafði mig í bröttustu brekkunum og ég fékk aðeins í magann eins og algengt er í fjallahlaupum.“

Hún segir tilfinninguna að klára þetta hlaup vera einstaka og eiginlega ólýsanlega. „Ég er alltaf með þrjú til fjögur markmið þegar ég fer í krefjandi hlaup. Númer eitt er að komast að ráslínu, sem er ekki sjálfsagt. Það var einstök tilfinning að vera við ráslínuna fyrir framan kirkjuna í Chamonix þegar lagið Conquest of Paradise eftir Vangelis var spilað. Þá komu tár á hvarma. Að vera þarna ásamt rúmlega 2.600 öðrum hlaupurum, þar sem konur voru einungis um 9% hlaupara, var algjörlega magnþrungnið.“ Markmið númer tvö er að hafa gaman alla leið sem hún gerði svo sannarlega. „Enda er það hugarfar sem þú stjórnar þrátt fyrir áföll. Markmið númer þrjú er að komast í mark, sem er alls ekki sjálfsagt, enda mikið brottfall og það var stórkostlegt að klára hlaupið.“

Hún segir sér hafa liðið eins og sigurvegara á lokametrunum þegar hún hlustaði á fagnaðarlæti og hvatningu allra sem tóku á móti henni á göngugötunni í Chamonix um miðjan dag á sunnudeginum. „Ég var svo sem sigurvegari í mínum huga þar sem ég hafði náð öllum markmiðum mínum og þetta var því líkur sigur. Svo var skálað í ísköldu Egils appelsíni í markinu og ég knúsaði mömmu og alla vini mína.“

### Leiddist út í þríþrautina

Halldóra starfaði á árum áður hjá Íslandsbanka þar sem starfsfólk var hvatt til að taka þátt í Reykjavíkumaraþoni og styðja um leið gott málefni. „Ég byrjaði að hlaupa 2009 meðan ég starfaði þar og hljóp mitt fyrsta maraþon og Laugavegshlaup árið 2011. Síðan þá hef ég hlaupið átta maraþon og sjö Laugavegshlaup. Hlaupin þróuðust svo í þríþrautina, þar sem ég keppti fimm sinnum í Ironman-keppnum í Evrópu og Bandaríkjunum.“

Samhliða þríþrautinni færði hún sig meira yfir í utanvegahlaupin og hefur verið þjálfari hjá Náttúruhlaupum frá 2014. „Ég lauk fyrsta



Halldóra var í skýjunum eftir 172 kílómetra hlaupið. Skömmu síðar var skálað í ísköldu Egils appelsíni.

MYNDIR/MAINDRU PHOTO



Útsýnið var oft stórkostlegt á hlaupaleiðinni þar sem falleg fjöllin blöstu við hvert sem horft var.

**77** Að upplifa fegurðina, jörðina, sólina, tunglið, lyktina og fuglasönginn á hlaupum er svo magnað.

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé



Aðstæður voru með ýmsu móti á leiðinni og stundum þurfti að hlaupa varlega í stórgrýtinu.

yfir ótrúlega langa vegalengd og liðanin eftir hlaupin er góð. Það er notalega tilfinning að vera þreytt líkamlega en úthvíld andlega og með aukna orku til að njóta vinnudagsins eða kvöldsins,” segir Halldóra en hún starfar á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

### Styður konur í fjarlægum löndum

Halldóra er einnig sendiherra fyrir samtök sem heita Free to Run og ganga út á að gera konum kleift að fá að fara út og hreyfa sig sem og styðja þær til mennta og sjálfsstyrkingar. „Okkur finnst sjálfsagt að geta farið út að hlaupa en á mörgum stöðum í heiminum er það alls ekki sjálfsagt eins og til dæmis í stríðshrjádum löndum eins og Írak og Afganistan. Þar mega konur ekki fara út að hlaupa og eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi. Það er hægt að fá frekari upplýsingar um samtökin á free-torun.org og heita á mig og styðja þannig þetta góða málefni.“

### Viðburðaríkt ár fram undan

Það er ekki langt í næstu keppni hjá Halldóru en hún er að fara sem hópstjóri með hóp á vegum Bændaferða í Berlínarmaraþonið í lok þessa mánaðar. „Á næsta ári erum við í Náttúruhlaupunum að fara með hóp til Nepal, þar sem við ætlum að hlaupa hæsta maraþon í heimi. Þá er hlaupið frá grunnbúðum Everest niður til Namche Bazaar. Maraþonið byrjar í 5.356 metra hæð og endar í 3.440 metra hæð. Einnig ætlum við að fara með hóp á vegum Náttúruhlaupa í Landvættaferðalag sem er alltaf mjög skemmtilegt.“ ■



Hlauparar þurftu að takast á við brattar brekkur.

100 kílómetra hlaupinu mínu 2014 en ég hef klárað tíu hlaup sem eru 100 kílómetrar eða lengri. Árið 2018 kláraði ég fyrsta 100 mílna (170 kílómetra) hlaupið mitt en ég hef hlaupið fjögur hlaup sem eru lengri en 100 mílur. Í ágúst á síðasta ári hljóp ég svo 330 kílómetra hlaup sem heitir Tor des Geants 330, en þá hljóp ég í 145 tíma og 55 mínútur á Ítalíu hringinn í kringum Ávaxtadalinn.“

### Veita gleði og orku

Hún segir hlaupin færa sér mikla gleði og orku. „Það er fátt sem toppar það að hlaupa úti í náttúrunni í góðum félagsskap yndislega félaga og vina. Að upplifa fegurðina, jörðina, sólina, tunglið, lyktina og fuglasönginn á hlaupum er svo magnað. Maður kemst líka

# Bílablaðið

7. SEPTEMBER 2022

## VW ID.BUZZ – bíll fyrir framtíðina

Kynning á hinum framúrstefnulega VW ID.BUZZ er nýhafin í Kaupmannahöfn og fyrstu umfjallanir um bílinn munu birtast í dag. Hann sækir þó hugmyndir sínar að einhverju leyti til fortíðar og eftir tvö ár verða komnar fleiri útgáfur af þessum bíl á markað. **6**



MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON



Með Skoda Vision 7S kynnr merkið í senn nýtt útlit og nýjan rafdrifinn sjö manna fjölnotabíl. **2**



Ferrari 488 GTB reynsluakstur er ekki í boði á hverjum degi en í dag getum við lesið um hvernig er að keyra þennan bíl á kappakstursbraut. **8**



Seres 3 EV er nýjasta viðbótin við flóru kínverskra rafbíla sem flæða nú yfir evrópska bílamarkaðinn og þar með talið Ísland. **10**

**EXIDE**  
TECHNOLOGIES



## Betra start með Exide rafgeymum



Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þáulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

**olis**



Brabus-utgafa smart #1 verður sportleg með rauðum lit á þaki og 19 tommu felgum sem fer vel við þau 422 hestöfl sem billinn hefur úr að móða.

## Brabus-utgafa smart #1 fær 422 hestöfl

njall@frettabladid.is

Ekki er langt síðan smart #1 var frumsýndur en nú þegar er Brabus-breytingafyrirtækið búið að fá að setja mark sitt á bílinn, líkt og á Mercedes EQS. Brabus-utgafan verður á sama Geely SEA-undirvagninum en fær tvo mótor, hvorn á sinn öxul. Þess vegna verður billinn með fjórhjóladrifi og samtals 422 hestöflum ásamt 543 Nm tugi. Það þýðir að þessi létti bill verður

aðeins 3,9 sekúndur í hundraðið. Eins og sjá má verður billinn með endurhönnuðum stuðrum og kælirafum undir húddinu.

Brabus-utgafan fær 19 tommu felgur og rauðan lit á móti matt-gráum aðallit. Engar tölur eru komnar yfir verð á bílnum en hann verður frumsýndur hér-lendis samhliða smart #1 um mitt næsta ár, að sögn Jónasar Kára Eiríkssonar hjá Öskju. Hefst for-sala á bílnum næsta vor og mun þá verð þeirra liggja fyrir. ■



Að framan verður ljósalína á milli aðalljósanna og afturrúðan nær langt aftur sem gefur bílnum sportlegra hlaðbaksútlit.

## Myndum af Toyota bZ3 lekið á netið

njall@frettabladid.is

Toyota áætlað að fjölga mikið raf-bílum sínum á næstunni og meðal þeirra er nýr bZ3 sem hingað til hefur verið haldið leyndum. Þökk sé myndum sem lekið var af kinn-verskri einkaleyfisstofu er hægt að sjá hvernig nýi billinn mun líta út. Eins og búist var við líkist hann talsvert bZ SDN-tilraunabílnum sem kynntur var í fyrra ásamt 10 öðrum tilraunarafbílum Toyota. Þótt Toyota hafi ekkert gefið

upp um tæknibúnað bZ3 má fastlega búast við því að hann noti sama eTNGA-undirvagn og bZ4X. Það þýðir að hann verður með sömu 71,4 kWst rafhlöðu og systurbíllinn. Þá verður einnig möguleiki á fjórhjóladrifi með samtals 215 hestöflum og 337 Nm tugi. Búast má við meira drægi en í bZ4X vegna minni loftmótstöðu bZ3. Billinn er 4.725 mm langur og 1.835 mm breiður sem eru mjög svipaðar stærðartölur og í Toyota Camry. ■



Nýtt og ferskt útlit einkennir Skoda Vision7S sem leggja mun drögin að nýju heildarútliti merkisins.

## Skoda forsýnir Vision 7S

Skoda hefur átt velgengni að fagna með fyrsta raf-bíl sínum Enyaq og áætlað merkið að frumsýna þrjú nýja rafbílur fyrir árið 2026. Skoda Vision 7S tilraunabíllinn er forsmekkurinn af nýjum og ferskum hug-myndabíl sem verður enn stærri en Enyaq.

njall@frettabladid.is

Um er að ræða sjö sæta bíl en það sem er sérkennilegt við hann er að hann verður með sex sætum fyrir fullorðna. Sjöunda sætið er barnasæti sem er fest við hryggjarstykkið í bílnum ef svo má segja en það er eftir endilangri miðju bílsins.

Um nýtt útlit er líka að ræða með Vision 7S. Munar þar mest um breytingar á framenda sem er nú ekki lengur með lóðréttu Skoda-grillinu. Þess í stað eru sjö lóðréttar innfellingar sem geyma tæknibúnað og skynjara sem þarf fyrir sjálfkeyrandi bíla. Ljósín eru líka ný af nálinni, með T-laga aðalljósum með ljósrák á milli. Loks er merki Skoda ekki lengur sýnilegt og er það nú einfaldlega sýnt með stöfum.

Innandyra er 14,8 tommu snertiskjór milli sætaraðanna en hægt er að snúa fremstu sætumum tveimur í áttinni að skjánum. Stýrið er í áttina að sporöskjulagi og einungis tveggja arma, en fyrir



Innanrýmið er hannað utan um miðjustykkið í bílnum með sjöunda sætið sem nokkurs konar barnasæti, en ekki er víst að það nái á framleiðslustigið.

» Tilraunabíllinn er með 89 kWst rafhlöðu og drægi upp á 600 km og verður með stærsta MEB-undirvagni sem sést hefur hingað til.

aftan það er 8,8 tommu upplýsingaskjór. Meðal sniðugra lausna hjá Skoda eru bakpokar sem búið er að fella inn í bak framsætanna auk segla sem komið er fyrir víða um bílinn til að halda farsimum eða járnflöskum á sínum stað. Tilraunabíllinn er með 89 kWst rafhlöðu og drægi upp á 600 km og verður með stærsta MEB-undirvagni sem sést hefur hingað til. Meðal annarra rafbílur sem vænta má frá Skoda fyrir 2026 er nýr smábíl sem kosta á innan við 20.000 evrur. ■

# ERT ÞÚ EKKI NÓGU HARÐUR?

**Man Power** er hannað fyrir karlmenn sem vilja **auka orku og úthald í rúminu.**

**Man Power** inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.







veau nuovo new n

# Tímalausí töffarinn **Taigo**






## Karakter. Á hverjum degi.



Nýr Taigo sameinar styrk, öryggi og glæsileika. Taigo er fyrir þá sem kjósa sportlegan karakter búinn kraftmiklum aksturseiginleikum. Eiginleikar Taigo henta vel hvort sem er við innanbæjaakstur eða ferðalög út fyrir þéttbýlið. Taigo er sjálfskiptur með bakkmyndavél, stafrænt mælaborð og 8" litaskjá, regnskynjara í framrúðu, hraðastilli (e. cruise control) og fjölda aðstoðakerfa til að koma þér og þínum öruggum á leiðarenda. Kíktu við og reynsluaktu nýjum Volkswagen Taigo.



Verð **4.890.000 kr.**

Fylgdu okkur @volkswagen   



Laugavegi 172, 105 Rvk.  Sími 590 5000  [www.hekla.is](http://www.hekla.is)  
Höldur Akureyri  Bílasala Selfoss  Bílakjarninn Reykjanesbæ  BVA Egilstöðum

Veldu uppáhaldsbílinn og taktu hann frá á [www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum Heklu að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á [www.hekla.is/abyrgd](http://www.hekla.is/abyrgd).



Með fréttatilkynningunni fylgdi þessi mynd af formúlubíl í þeim litum sem Audi ætlar að nota.

## Audi kemur í Formúlu 1 árið 2026

njall@frettabladid.is

Eins og fjallað hefur verið um á bílasíðum Fréttablaðsins mun Audi-bílaframleiðandinn koma inn í Formúlu 1 árið 2026. Það er sama ár og nýjar reglugerðarbreytingar varðandi vélar Formúlubíla taka gildi. Audi hélt blaðamannafund um málið á nýyfyrirstöðnum Belgiukappakstri. Á sögn forstjóra Audi, Markus Duesmann, hafa áætlanir um að gera Formúlu 1 meira sjálfbæra og ódýrari fyrir keppnisliðin haft áhrif á ákvarðanatöku Audi. „Mótorsportid er hluti af erfðamengi Audi. Formúla 1 er á heimsmælikvarða og þar er þróunarmiðstöð hátæknibíla.“

Með nýju reglum munum við sjá flóknar tvinnútfærslur V6-

vélanna hverfa en framleiðendur fá meiri tíma til prófana. Audi ætlar að þróa sína eigin vél í Ingolstadt en það verður fyrsta Formúlu 1-vélin frá Þýskalandi í meira en áratug. Áfram verður notast við rafmótora til aflaukningar en að sögn Audi er mögulegt að fá jafn mikið afl úr einum slíkum eins og 1,6 lítra bensínvél með forþjöppu. Vélararnu munu þurfa að geta brennt sjálfbæru eldsneyti. Talið er að Audi muni kaupa ráðandi hlut í Sauber og taka yfir vélararnu þann sem Ferrari hefur haft við Alfa Romeo. Audi verður þó líklega ekki eina merkið frá VW Group í Formúlunni á næstu árum. Talið er að Porsche muni einnig taka þátt á næstunni sem vélarframleiðandi, þá einna helst fyrir Red Bull. ■



Af prófunarmyndunum að sjá er greinilegt að bíllinn mun halda miklu af því útliti sem sjá mátti í tilraunútgáfunni.

## Myndir af Kia EV9 við lokaprófanir

njall@frettabladid.is

Það styttesti óðum í Kia EV9 sem er fyrsti 7 manna, 100% rafdrifni jeppann frá Kia. Kia EV9 verður heimsfrumsýndur í byrjun næsta árs, en hann hefur gengist undir stífar prófanir að undaförnu.

Í þessum loka-tilraunarfasa er meðal annars reynt á fjórhjóladrifid í mjög háum brekkum, á torveldum malarvegum og í djúpu vatni til að tryggja hámarks afköst

við krefjandi aðstæður. Aksturs-eiginleikar á miklum hraða og kröppum beygjum eru prufaðir á sérhannaðri kappakstursbraut Kia. Einnig er búið að prufukeyra bíllinn við ýmsar krefjandi aðstæður um allan heim, eins og á hinum alræmdu hellulögðu vegum Belgíu sem eru góðir til að meta gæði fjöðrunar bílsins. Kia sendi frá sér myndir á dögum af þessu tilefni sem fylgja með fréttatilkynningunni. ■



Koenigsegg CC850 svipar mikið til fyrstu bíla Christian von Koenigsegg.

## Koenigsegg CC8S tvítugur

Nýjasti gæðingur Koenigsegg er CC850-öfursportbíllinn sem átti aðeins að framleiða í 50 eintökum en nú hefur 20 verið bætt við.

njall@frettabladid.is

Á þessu ári eru tuttugu ár síðan fyrsti bíll Koenigsegg kom á markað en það var CC8S. Til að halda upp á þau tímamót hefur sænski öfurbílaframleiðandinn látið gera afmælisútgáfu sem kallast einfaldlega CC850. Í ár verður líka stofnandinn Christian von Koenigsegg fimmtugur og því stóð til að framleiða 50 slíka bíla, en nú hefur 20 eintökum verið bætt við vegna mikils áhuga.

Bíllinn sækir mikið af útliti sínu til fyrstu bíla Koenigsegg, bíla eins og CC8S og CCX, sem kom hingað til lands árið 2006 á Sportbilasýninguna í Laugardalshöll. Gafst þá undirrituðum tækifæri á að keyra bíllinn frá Mývatni til Akureyrar, með Christian sjálfan í farþegasætinu.



Beinskiptingin er ekki bara til að sýnast því að þeir pedalar eru í gólfínu.

Það skal engan undra að margir vilji eignast eintak af þessum bíl því að fyrir aftan ökumann er V8-vél sem skilar tvöfalt meira afli en fyrsti bíllinn gerði, eða 1.366 hestöflum. Hægt er að fá bíllinn með níu þrepa sjálfskiptingu eða sex gíra beinskiptingu. Með kerfi sem Koenigsegg kallar „Engage Drive System“ er hægt að breyta

hlutföllum gíranna eftir því í hvaða akstursstillingu bíllinn er. Bíllinn verður aðeins 1.385 kíló svo að hann er næstum því hestafli á hvert kíló. Koenigsegg hefur ekki gefið upp aðrar tækniupplýsingar enn þá en búast má við upptaki í hundradíð á vel undir þremur sekúndum. Öll 70 eintök eru þegar uppseld. ■

## Polestar 6 strax orðinn uppseldur

njall@frettabladid.is

Þrátt fyrir að koma ekki á markað fyrir en árið 2026 hafa öll 500 eintök af Polestar 6-sportbílunum verið forþöntuð. Á aðeins nokkrum vikum var búið að ráðstafa öllum LA Concept-bílunum en hann verður 872 hestöfl. Hver viðskiptavinur þurfti að borga 25.000 dollara fyrirframgreiðslu eða um 3,6 milljónir króna.


Bíllinn mun kosta yfir 27 milljónir króna þegar hann kemur á göturnar. Polestar 6 verður með fjórum sætum og verður byggður á botnplötu Polestar 5 en með



Polestar 6 er nokkuð stór bíll enda byggður á sama grunni og Polestar 5 verður og með sæti fyrir fjóra.

minna hjólhafi. Hann verður með 800 volta rafkerfi og tveimur raf-

mótorum og hröðunin aðeins 3,2 sekúndur í hundradíð. ■



Rafmagnaður

e-tron 55

Audi e-tron 55 quattro er drifinn af ljáfa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með stillanlegri loftþúfaþjöðrun og allt að 440 km. drægni (skv. WLTP) sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Fjórhjóladrifinn rifur hann sig í hundradíð á undir sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.



Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. → [www.hekla.is](http://www.hekla.is)

Veldu uppáhaldsbíllinn og taktu hann frá → [www.hekla.is/audisalur](http://www.hekla.is/audisalur)

→ Fæst einnig sem Sportback

# IONIQ 5

Fjór hjóladrífinn, 100% rafmagn.

# Besti bíll í heimi 2022



**WINNER**  
**2022 WORLD CAR AWARDS**  
BESTI BÍLLINN  
BESTI RAFBÍLLINN  
BESTA HÖNNUNIN

## ÞREFALDUR HEIMSMEISTARI!

Hvað finnst þér best í heimi? Fjölskyldan, markmiðin, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur verðlaunabíllinn IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú ferð allt að 507 km\* á hleðslunni. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína af öryggi hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

**7** ÁRA  
Ábyrgð  
Framtíðin er örugg

**8** ÁRA  
Rafhlöðu  
ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á [hyundai.is](http://hyundai.is).

**B|L**

\*Útgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Akstursleg, hitastig og ástand veiga hafa áhrif á drægni rafbílanna. ENNEMM / SIA / NM012394



Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

## Reynsluakstur

# ID.BUZZ

### KOSTIR

- Hljóðlátur
- Rými
- Aðgengi

### GALLAR

- Farsímahleðsla
- Bið eftir fleiri útfærslum VW ID Buzz

**Grunnverð:** 8.490.000 kr.  
**Hestöfl:** 204  
**Tog:** 310 Nm  
**Hröðun 0-100 km:** 10,2 sek.  
**Hámarkshraði:** 145 km

**Rafhlaða:** 77 kWst  
**Hámarkshleðsla:** 11 kW AC/170 kW DC  
**Drægi:** 425 km  
**L/B/H:** 4.712/1.985/1.937 mm

**Hjólhaf:** 2.989 mm  
**Eigin þyngd:** 2.471 kg  
**Farangursrými:** 1.121 l  
**Dráttargeta:** 1.000 kg



Volkswagen ID.BUZZ er líklega besti akstursbíll í flokki sendibíla sem fram hefur komið.

MYNDIR/NJÁLL  
GUNNLAUGSSON

## Bíll fyrir framtíðina

Beðið hefur verið eftir því að þessi rafbíll, sem sækir hugmyndir sínar til vinsælda gamla og góða rúgbrauðsins, komi á markað. Kynningar á honum eru nýhafnar í Danmörku og fyrstu greinar um bílinn munu birtast í dag í erlendum sem íslenskum miðlum.

Þegar maður var strákur að pæla í bílum velti maður því stundum fyrir sér hvernig bílar framtíðarinnar myndu líta út. Í minningunni voru þeir stórir og kassalaga en samt straumlínulagaðir, og uppfyllir af háþróuðum tæknibúnaði. Að vísu gátu þeir flogið líka við ákveðin tækifæri og þó ID.BUZZ geri það ekki, kemst hann þó ansi nálægt því sem maður sá fyrir sér.

Bíllinn verður til að byrja með aðeins fánlegur í tveimur útfærslum, og þá sem fimm sæta bíll eða sem þriggja sæta sendibíll. Ekki er von á fleiri útfærslum fyrr en árið 2024, en þá kemur hann með lengra hjólhafi og fleiri sætaröðum. Einnig má búast við að hann komi þá með fjórhjóladrifi og stærri rafhlöðu. Loks er von á California Camper-útgáfunni um sama leyti.

Bíllinn er á sama undirvagni og ID.4 sem er skalanlegur enda er bíllinn aðeins lengri en hann, og með 2.988 mm hjólhafi. Með sama

**Hönnun yfirbyggingar varðandi loftflæði hefur tekist vel og er vindmótsstuðull aðeins 0,285 Cd. Fyrir vikið er bíllinn afar hljóðlátur í akstri og þá einnig á hraðbrautum.**

204 hestafla rafmótor á afturdrifi er ekki laust við að maður finni vel muninn í upptakinu. Upptakið er 10,2 sekúndur í hundradíð enda er um bíl að ræða sem er næstum tvö og hálf tonn. Reyndar væri sams konar dísilbíll líklega nær 13 sekúndum í hundradíð svo það þarf ekki að vera slæmt. Hönnun yfirbyggingar varðandi loftflæði hefur tekist vel og er vindmótsstuðull aðeins 0,286 Cd. Fyrir vikið er bíllinn afar hljóðlátur í akstri, einnig á hraðbrautum og mér er til efs að ég hafi nokkru sinni ekið jafn hljóðlátum bíl af þessum stærðar-



Ekki er hægt að tala um vélarhlíf en undir plastlokinu má komast í hluti eins og áfyllingu fyrir rúðupíssið.



Stórar rafdrifnar hliðarhurðir opnast vel og plássíð í aftursætum er gott, meira að segja fyrir þrjá fullorðna.

flokki bíla. Það er margt gott við að aka ID.BUZZ og tekur hann þar fram sams konar bílum í flestu. Fjöðrunin er alvöru MacPherson að framan og fjölliða að aftan svo hann liggur vel og þar sem rafmótorinn er fyrir afturdrifið leggur hann vel á. Það er því auðvelt að snúa þessum stóra bíl við á þröngum vegi. Loks er útsýni með besta móti og sér í lagi fram á við enda líður manni eins og verið sé að aka um í stóru fiskabúri.

Það er helst þegar komið er að tölum um dráttargetu og burð sem að ID.BUZZ lætur undan. Hann má draga tonn og burðargeta hans er aðeins 529 kíló sem dugar honum, enda er hann aðeins fimm sæta til að byrja með.

Eins og gefur að líta er ID.BUZZ ekki pláss vant og gildir þá einu hvert er lítið. Sæti eru rúmgóð og þægileg og þá sérstaklega framsætin sem eru með armhvílum báðum megin. Milli sæta er góð hirsla sem er færanleg og einnig með skúffu fyrir aftursætisfarþega, en hana má taka úr bílnum með einu handtaki. Þráðlausri farsímahleðslu er þannig fyrirkomid hægra megin við stýri að maður sér ekki á skjáinn, sem er ókostur. Aftursætin eru einnig góð en fyrir farþega í miðju-sæti væri gott að hafa stuðning af hinum tveimur farþegunum því að hann hefur ekkert til að halda sér í. Þar sem hliðarhurðir aftur í eru rafdrifnar rennihurðir er ekki hægt að opna hliðarglugga þar en loftkælingin virðist skila sér vel aftur í bílinn þótt þar sé ekki sér lofttúða. Hægt er að færa til aftursæti sem er á sleða og hægt er að leggja það niður 40/60 vilji maður koma fyrir stærri hlutum. Loks



Farangursrýmið í ID.BUZZ er risastórt og verður enn stærra ef aftursæti eru felld niður.

er farangursrými yfirdrifið enda 1.121 lítri og það með aftursætin í öftustu stöðu. Aðgengi að öllu þessu plássi er líka mjög gott enda allar afturhurðir rafdrifnar og stórar og opnast vel.

En hvað skyldi nú bíll framtíðarinnar eiga að kosta? Hann er ekki gefins enda kostar hann frá 8.490.000 krónum, sem er þremur milljónum meira en grunngerð VW ID.4 kostar, sem er þó byggður á sömu botnplötu og notast við sömu tækni að miklu leyti. Jú, hann er efnismeiri og rúmbetri, með meiri búnaði eins og rafdrifnum hurðum og fleira en kannski ekki eitthvað sem réttlætir þennan mikla mun. Helsti keppinautur hans hérlendis myndi verða Toyota Proace Verson Electric sem þó er aðeins dýrari í grunninn en hann kostar frá 8.790.000 krónum. ■



Framendi Volkswagen ID.BUZZ sækir upphleyp VW-merkið til fyrstu rúgbrauðsbílananna en sleppir sem betur fer kringlóttu ljósunum sem hefðu virkað kauðsleg á þessum framúrsteffnulega bíl.



JOHAN  
RÖNNING

# Sérfræðingar í hleðslustöðvum fyrir rafbíla



Nánari upplýsingar á [ronning.is/rafbilar](https://ronning.is/rafbilar)

Reykjavík  
Klettagördum 25  
Sími 5 200 800

Akureyri  
Draupnigötu 2  
Sími 4 600 800

Reykjanesbær  
Bolafæti 1  
Sími 420 7200

Reyðarfjörður  
Nesbraut 9  
Sími 470 2020

Selfoss  
Eyrarvegi 67  
Sími 4 800 600

Hafnarfjörður  
Bæjarhrauni 12  
Sími 5 200 880

Grundartangi  
Mýrarholtsvegi 2  
Sími 5 200 830



Reynsluakstur

# Ferrari 488 GTB

Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

## KOSTIR

- Afl
- Skipting
- Hjólolist

## GALLAR

- Útsýni aftur

Hestöfl: 670  
Tog: 760 Nm  
Hröðun 0-100 km: 3 sek.

Hámarkshraði: 330 km  
Eigin þyngd: 1.475 kg  
L/B/H: 4.568/1.952/1.213 mm

Hjólhaf: 2.650 mm  
Farangursrými: 220 lítrar  
CO2: 263 g/km



Það er eitthvað sérstakt við að keyra bíl eins og Ferrari 488 GTB á kappakstursbraut í Race Mode og verður í raun ekki lýst á prenti svo vel sé.

MYNDIR/TRYGGI ÞORMÓÐSSON

## Með papparassa í eftirdragi

Það er ekki á hverjum degi sem maður fær lyklana að Ferrari-sportbíl. Bílablaðinu var boðið að prófa einn slíkan og þakkar kærlega fyrir sig.

Það er dálítið skrýtin tilfinning að aka rauðum Ferrari í borgarumferðinni. Maður fær innsýn í líf þess sem er hundeltur af papparazziljósmyndurum og hvernig Diönu prinsessu hefur líðið á meðan verst lét. Það er ekki nóg með það að símar væru á lofti út um bilglugga og á götuhornum, heldur var maður líka eltur heim til að taka myndir af bílnum í innkeyrslunni. Ef þú ætlar að eiga Ferrari á Íslandi er líklega best að geyma hann inni í skúr og keyra hann svo bara á nóttunni.

Hvað á maður þá að gera við bíl sem kostar langleiðina í sjötíu milljónir? Ekki getur maður bara heimsótt hann í bílskúrinn og klappað honum öðru hverju. Nei, svona bíll er gerður fyrir eitt og það er akstur á kappakstursbraut og því var ferðinni heitið beint þangað, á hringakstursbrautina í Kapelluhrauni.

Það merkilega við að keyra þennan bíl á braut er að það þarf ekki svo mikið að nota bremsuna nema þegar komið er í kröppustu beygjurnar. Billinn er eldsnöggur að skipta sér niður í réttan gir og manni líður eins og risahönd haldi honum gegnum beygjurnar. Að sögn Ferrari er 7 þrepa skiptingin sem er í þessum bíl 30% sneggrri að skipta sér upp og 40% sneggrri að


Þökk sé stórum forþjöppum er ekkert hik í forþjöppunni og símfónían frá vélinni í upptaki er álíka áhrifamikil og pípuorgel af stærstu gerð.

skipta sér niður. Skiptingin er með tvöfaldri kúplingu og viðbragðið við skiptingar gegnum stórar blöðkur við stýrið er eldsnöggt. Vélín er endurhönnuð 3,9 lítra V8 með tveimur forþjöppum og Multi Point-innsþýtingu. Þjappan er 9,4:1 og og snýst hún í 8.000 snúninga á mínútu. Það er eins og henni verði aldrei afsl vant og þá sérstaklega á miðju snúningssviðinu. Þökk sé stórum forþjöppum er ekkert hik í forþjöppunni og símfónían frá vélinni í upptaki er álíka áhrifamikil og pípuorgel af stærstu gerð.

Bremsurnar eru ekki síður að gefa átak heldur en vélín enda er kerfið hannað í heild sinni af Brembo. Það er gert til að þola brautarakstur og að framan eru koltrefja-keramikdiskar með sex



Aðaláherslan í mælaborði er á snúningshraðamæli og því til viðbótar er ljósarönd í stýri sem lýsist upp þegar billinn nálgast rauða strikið. Tekið skal fram að þessi mynd er tekin á keppnisbrautinni.



Brembo-bremsukerfið er sérhannað með koltrefja-keramikdiskum og sex stimpla dælum.

stimpla bremsudælum en að aftan eru fjögurra stimpla dælur. Athygli vekur að diskarnir og dæluhúsin eru svo að segja jafnstór sem gefur líka meira jafnvægi í útliti enda eru dælurnar mjög áberandi. Rífa þær mann niður í hraða í samspili við snöggar niðurskiptingarnar svo hrein unun er að, ekki síður en af upptaki bílsins. Talandi um upptak, billinn er búinn tjúnkitti frá Novitec í Þýskalandi en það gefur um 90 aukahestöfl með því að auka flæði gegnum forþjöppurnar. Kittinu fylgir sérhannað pústkerfi þar sem hægt



Þökk sé kappakstursbrautinni í Kapelluhrauni er nú orðið raunhæft að eiga svona bíl á Íslandi. Það er einfalt og ódýrt að skrá sig í akstursklúbba og stunda þar hringakstur allt sumarið, hvort sem ekið er á bílum eða mótörhjólum.



Vélin er sýnileg undir afturrúðunni og áherslan er á forþjöppurnar tvær næst farþegarýminu og áberandi rauð ventlalokin.



Farangursrýmið er 230 lítrar og komið fyrir undir húddi bílsins.

er að opna fyrir spjöld sem gefa bílnum aukahávaða. Loks er hann með vökvastilltri sportfjöðrun, koltrefja-afturvæng og 20 tommu sportfelgur frá Novitec líka.

En eru einhverjir gallar við svona frábæran akstursbíl? Hann er kannski ekki hagkvæmasti bíllinn til að eiga því hann virðist hrapa nokkuð í verði þegar hann er kominn fram yfir fimm ára verksmiðjuábyrgðina. Það er heldur ekki fyrir hvorn sem er að koma sér fyrir í bílnum enda sest maður nánast niður í götuna. Útsýni aftur er sama og ekki neitt og sem betur fer er hann búinn

árekstraskynjurum því maður þarf hreinlega að giska hvort einhver sé fyrir aftan bílinn og eitt er víst: maður heyrir örugglega ekki mikið í viðkomandi. Farangursrými bílsins er í nefinu og tekur 230 lítra. Þótt það sé ekki mikið miðað við flesta bíla er það nóg til að taka tvær meðalstórar ferðatöskur fyrir hvorn farþega bílsins. Þangað þarf þó flestallt að fara því ekki er mikið pláss til að leggja hluti frá sér í káetunni, og meira að segja heimsókn á skyndibitastað getur verið vandkvæðum bundin. Alla vega er bílalúgan út úr kortinu því að hún er bara allt of hátt uppi. ■



#### Hleðsla rafbíla

## Ertu að tengja?

Fáið löggiltan rafverktaka til að yfirfara og aðlaga raflögnina áður en rafbíl er hlaðinn í fyrsta sinn.

- Hver tengipunktur má einungis hlaða einn rafbíl í einu
- Hver tengipunktur skal varinn með yfirstraumvarnarbúnaði sem einungis ver þennan tiltekna tengipunkt
- Hver tengipunktur skal varinn með bilunarstraumsrofa (lekastraumsrofa) sem einungis ver þennan tiltekna tengipunkt
- Bilunarstraumsrofinn ætti að vera af gerð B – þó má nota gerð A sé jafnframt notuð viðbótartenglar
- HMS mælir með að ekki séu notaðir hefðbundnir heimilistenglar til hleðslu rafbíla
- HMS mælir með að til heimahleðslu rafbíla séu notaðar þar til gerðar hleðslustöðvar eða iðnaðartenglar
- Stranglega er bannað að nota framlengingarsnúru, fjöltengi eða önnur „millistykki“ við hleðslu rafbíla
- Hleðslustrengir mega ekki liggja þar sem þeir geta orðið fyrir hnjaski, t.d. yfir vegi, gangstéttar eða stíga
- Ekki nota hleðslusnúru eða annan búnað sem hefur skemmt



Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

Reynsluakstur

## Seres 3 EV

### KOSTIR

- Útsýni
- Búnaður
- Farþegarými

### GALLAR

- Veghljóð
- Flutningsgeta
- Skiptirofi

**Grunnverð:** 5.350.000 kr.  
**Hestöfl:** 163  
**Tog:** 300 Nm  
**Hröðun 0-100 km:** 8,9 sek.

**Hámarkshraði:** 155 km/klst.  
**Rafhlaða:** 53,6 kWst  
**Eigin þyngd:** 1.765 kg  
**Drægi WLPT:** 301 km

**Meðaleyðsla:** 18 kWst/100 km  
**L/B/H:** 4.385/1.850/1.650 mm  
**Hjólhaf:** 2.655 mm  
**Veghæð:** 180 mm



Seres 3 EV er nokkuð hástæður á 18 tommu felgunum og upp-sveigðar línur eru áberandi.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

# Rafbíll sem er allrar athygli verður

Einn af nýliðunum á ört vaxandi rafbílamarkaði er Seres 3 EV rafjæplingurinn sem kominn er á markað á Íslandi. Hann er seldur hjá RAG Import sem hingað til hefur selt sturtuvagna, landbúnaðartæki og lúxusrútur. Billinn er framleiddur í Kína af fyrirtæki sem kallast Sokon og þar á bæ hafa safnast nokkur vel valin nöfn úr rafbilageiranum, og eflaust er það þekktasta Martin Eberhard sem stofnaði Tesla ásamt Elon Musk og hannaði margt þar sem lagði grunninn að velgengi þess merkis. Einnig er Seres í nánu samstarfi við kínverska fyrirtækið Huawei sem hannar bæði tæknibúnað og hugbúnað fyrir rafbíla.

Útlitslega stendur Seres 3 sér á parti og er ekki eins framúr stefnulegur og margur rafbíllinn, minnir kannski meira á hefðbundinn jæpling. Ef hann líkast einhverjum minnir hann sterklega á MG ZS EV rafjæplinginn, sem einnig kemur frá Kína. Athygli vekur hversu mikið rúðurnar mjökka aftur og það er áberandi lína sem sveigist upp á við þar fyrir aftan. Þrátt fyrir það og hástæða afturrúðu sem hallar skarpt niður á við kemur það ekki niður á útsýni úr bílnum sem er með besta móti. Billinn er 4.385 mm langur, 1.850 mm breiddur og 1.650 mm á hæð, svo að hann er örlitlu stærri en MG ZS EV auk þess sem að hjólhafið er 70 mm lengra.

Maður finnur strax fyrir því að Seres 3 er með léttari rafbilum enda vigtar hann ekki nema 1.765 kíló. Fyrir vikið er hann mýkri í akstri en margur rafbíllinn og er alls ekki hastur nema síður sé. Auðvitað leggst hann nokkuð í beygjurnar en er nokkuð öruggur í stýri og missir ekki svo mikið grip á framhjólunum, nema ef honum er gefið snögg út úr beygju. Leyfð heildarþyngd 2.065 kg svo að hann



Varadekk í fullri stærð er búnaður sem sést orðið sjaldnar og sjaldnar.

getur aðeins flutt 300 kg en þessu er reyndar svona farið með marga rafbíla á dag. Upptakið er frekar lutt til að byrja með en svo tekur billinn vel við sér þegar hann er kominn upp fyrir 20-30 km á klst. Talsvert heyrir í rafmótornum í akstri og einnig í varmadælunni þegar billinn er stöpp, og einnig er veghljóð nokkuð.

Að innanverðu er frágangur frekar hefðbundinn og í Luxury-útfærslunni, sem er eina útfærslan sem er í boði hérlendis, er efnisval nokkuð gott og talsvert um mýkri áferð á mælaborði og miðjustokki. Tveir 10,25 tommu upplýsingaskjái eru allsráðandi í mælaborðinu en virkni snertiskjás er frekar hægsvirk. Miðjustokkurinn er með skiptirofa svipudum og finna má í mörgum lúxusjæppum frá Land Rover. Virkni skiptirofana var þó ekki alltaf eins og hún átti að vera og ef honum var snúið of hratt fór hann einfaldlega ekki í valið drif. Plássið innandyra er allgott og slétt

**Plássið innandyra er allgott og slétt gólf á milli sæta ásamt góðu fóta- og höfuðrými er einn af aðalkostum hans.**

gólf milli sæta ásamt góðu fóta- og höfuðrými er einn af aðalkostum hans. Frágangur í mótorrými er líka öðruvísi en maður á að venjast, en sjá má mótörfestingar sem eru tilsagaðir álprófilar með handunnum suðum. Hvort það sé kostur eða galli skal lesendum eftirlátið að dæma um.

Billinn er vel búinn í Luxury-útfærslu en staðalbúnaður er nokkuð ríkulegur miðað við verð og má þar nefna hluti eins og 360 gráðu myndavélakerfi, fjarlægðarskynjara, þráðlaus farsímahleðslu, áreksrarvörn og rafdrifna sóllúgu. Það kemur þó á óvart að afturhléri



Hér má sjá áður nefndan frágang á festingum fyrir búnað fyrir rafmótorninn.



Mælaborðið er einfalt í notkun enda engir snertitakkar nema í snertiskjámum sjálfum.

sé ekki rafdrifinn. Hann kemur með varadekki í fullri stærð sem er sjaldséður lúxus í nútímabilum og þá sér í lagi rafbilum. Sé hann borinn saman við fyrrgreindan rafbil



Með framsæti vel aftarlega er fóta-pláss vel viðunandi og kostur að sléttu gólfinu.

frá MG í verði kemur í ljós að hann er nokkuð dýrari en samkeppnin eða sem munar 460.000 krónum en þeir eru nokkuð sambærilegir í búnaði. ■





# Í verslun okkar Skútuvogi 1 færð þú hágæða hreinsiefni frá **Koch-Chemie**



Skeljungur er söluaðili Koch-Chemie

Skeljungur, traustur félagi



Skeljungur



Rafhjólið er einfaldlega merkt EV og er sambærilegt við 125 rúmsentimetra bensinmótor.

## Fyrstu myndir af Kawasaki tvinnhjólínu

njall@frettabladid.is

Kawasaki-mótorhjólafrafléiðandinn hefur sagt að öll mótorhjól þeirra á þróaðri mörkuðum yrðu að einhverju leyti rafvædd árið 2035 og að 10 slík yrðu kynnt fyrir 2025. Það hlýtur að vera að styttest í formlega kynningu á fyrstu hjólunum því að Kawasaki kom á óvart með smá sýningu á tvinnhjólínu ásamt litlu rafhjólí rétt fyrir Suzuka átta stunda mótorhjólakeppnina.

» Afturendinn er bæði meiri um sig og lengri en á Z400-hjólínu en það er vegna þess að þar er búið að koma fyrir 48 volta rafhlöðu.

Þökk sé japanska mótorhjólátímaritinu Auto-By náðust góðar myndir af hjólunum sem sýna mikið um búnað þess. Tvinnhjólíð notar greinilega 399 rsm-vélina úr Z400-hjólínu sem er tveggja strokka, en þústið er alveg eins og á því hjólí. Komnir eru tveir bremsudiskar að framan sem bendir til meira afls, líklega á pari við Z650-hjólíð en framendinn kemur af því hjólí. Framljósín eru græn sem er líklega tilvísun í að hjólin séu „grænni“ ásamt því að það er litur Kawasaki. Afturendinn er bæði meiri um sig og lengri en á Z400-hjólínu en það er vegna þess að þar er búið að koma fyrir 48 volta rafhlöðu. Rafmótorinn er fyrir ofan gírkassann og tengist honum með rafstýrðri kúplingu. Engin eiginleg kúpling er í hjólínu heldur er skipt með takka vinstra megin á stýrinu. Hjólíð mun geta ekið á rafmagn eingöngu, til dæmis á minni hraða innanbæjar, en notar þá frekar vélina utanbæjar og hleður upp rafhlöðuna í leiðinni.

Kawasaki kynnti einnig rafhjól sem er á pari við 125 rsm bensinhjól. Virðist rafhlaðan í því bjóða upp á að vera skiptanleg. Hjólíð virðist einfalt að gerð með hefðbundnum íhlutum sem gefur til kynna að það verði á viðráðanlegu verði. Til dæmis er vindkúpan og framljósið frá Z400-hjólínu. Rafmótorinn er einfaldur og virðist vera með einu drifi án gírkassa. Orðrómurinn segir að tvö slík verði kynnt bráðlega, bæði torfæruhjól og götuútgáfa, ásamt tvinnhjólínu og þá líklega kringum EICMA-mótorhjólásýninguna í nóvember. ■



Kawasaki kom á óvart með sýningu á HEV-tvinnhjólí á Suzuka á dögnum.

# Nýtt Suzuki V-Strom á leiðinni

njall@frettabladid.is

Náðst hafa nýsmyndir af nýju útspili Suzuki á markað ferðamótorhjóla, en það er næsta kynslóð Suzuki V-Strom 650. Myndin sýnir hjólíð við prófanir og er líklegt að það verði frumsýnt á mótorhjólásýningunni í Milanó í nóvember.

Helstu breytingar á hjólínu verða á vél, en V2-vélin hefur

verið við lýði síðan snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Ljóst er að hún mun ekki fara í gegnum Euro5-mengunarstaðalinn og því mun tveggja strokka línuvél leysa hana af hólmi.

Þrátt fyrir felubúnað hjólsins má sjá að útlitíð er sótt til Katana-hjólsins og öfugir framdemparar ásamt 21 tommu teinafelgu að framan gera það að meira torfæruhjólí en áður. ■



Hér má sjá næstu kynslóð Suzuki V-Strom 650 við prófanir.

MYND/  
KANYARFOTO



[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

## Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabíreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



**KRÓKUR**

á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

# NEUBRIA

## NÝTT!

# COGNIFUEL®

## MEIRA EN ORKUDRYKKUR



22 VÍTAMÍN & STEINEFNI

NÁTTÚRULEGT KOFFÍN

11 ADAPTÓGEN JURTI



ENERGY



FOCUS



HYDRATION



IMMUNITY



DE-STRESS





## Bílar & Farartæki



2022 óekin FORDTRANSIT 350 L4 TREND SINGLE CAB MEÐ KASSA OG LYFTU. Þessir liggja ekki á lausu. Eigum þennan til afhendingar strax! Verð: 8.190.000 án vsk. (10.155.600 með vsk)

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Bátar

**VEIDIPORTID**  
Grandagarður 3 • Sí: 552-9940

**Útsala**  
25% af öllum slöngubátum  
Verð frá: 126.750 kr

**SAILSKI**  
Gerid verðsamanburð!  
www.veidiportid.is

## Þjónusta

### Málarar

**REGBOGALITIR EHF**  
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is  
malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is  
flytja@flytja.is

### Húsviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

**GEFÐU HÆNU**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf kirkjunnar

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**  
S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

**Gítarinn ehf.**  
Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



**Kassagítarar á tilboði**

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali  
Verð við allra hæfi

## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**  
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir yfir- vélstjóra á 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Einnig vantar vana háseta. Purfa að geta byrjað í september. Uppl. í s. 892-5522

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



## FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



hagvangur.is

HAGVANGUR

# Þvottavélar og þurrkarar fyrir stærri notendur



## DOMUS

Síðan 1922 - glæsileg hönnun og sérstaklega hljóðlátar - alvöru vélar með snertiskjá.

**Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar**

- Þvottahús ● Hótel ● Gistiheimili ● SPA  
● Hreingerningarþjónusta ● Snyrtistofur  
● Hjúkrunar- og dvalarheimili ● Rannsóknarstofur  
● Leikskólar ● Clinics ● Fjölbýlishús ● Hostels ● Skólar ● Minni iðnaðarfyritæki ● Líkamsræktarstöðvar

Allt hjá okkur



**VERSLUNARTÆKNI**  
www.verslun.is



**geiri**



Draghálsi 4  
110 Reykjavík  
sími: 535 1300  
verslun@verslun.is



Sara hafði í nægu að snúast við að verjast sóknarlotum Hollendinga.

## Öll liðin úr fyrsta styrkleikaflokki komast áfram

aron@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Í gær varð endanlega ljóst hvaða lið úr Evrópuhluta undankeppni heimsmeistaramótsins komast beint áfram í lokakeppnina sem fram fer í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi á næsta ári. Auk Hollands verða Svíþjóð, Spánn, England, Danmörk, Noregur, Ítalía, Þýskaland og Frakkland í pottinum sem fulltrúar Evrópu þegar dregið verður í riðla fyrir lokakeppnina.



### Ellefu Evrópuþjóðir komast beint á HM.

Drátturinn mun fara fram í Aotea-höllinni í Auckland í Ástralíu þann 22. október. Alls verða 32 lið í pottinum og verður þeim skipt niður í átta riðla sem munu einnig ákvarða það hvar liðin munu spila meðan á riðlakeppninni stendur.

Þá er ljóst hvaða landslið frá Evrópu munu berjast um laust sæti í lokakeppni HM í gegnum umspil. Auk Íslands eru það Írland, Skotland, Austurríki, Bosnía Hersegóvína, Belgía, Sviss, Portúgal og Wales sem verða í pottinum þegar dregið verður í umspilið á föstudaginn. ■

### Dregið á föstudag

kristinnpall@frettabladid.is

**HM 2023** Þrátt fyrir vonbrigði gærkvöldsins fara Stelpurnar okkar beint í annað stig umspilsins og fá þær að vita næsta föstudag hver andstæðingurinn í umspilinu verður. Leikurinn fer fram þann 11. október næstkomandi og dugar Íslandi sigur þar til að komast beint í lokakeppni HM. ■



Guðný Árnadóttir niðurlút eftir að hafa séð fyrirgjöf Hollendinga rata í netið á lokamínútum leiksins í Utrecht.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Umspilið bíður Íslands eftir sárt tap

Grátlegt sigurmark skildi liðin að þegar Ísland tapaði naumlega fyrir Hollandi í gær. Stelpurnar okkar fara því í umspil fyrir lokakeppni HM sem hefst í næsta mánuði.

kristinnpall@frettabladid.is

**HM 2023** Grátlegt sigurmark á 93. mínútu leiksins gerði útslagið í leik Hollands og Íslands í gærkvöld. Stelpurnar okkar fara því í umspilið fyrir HM og Hollendingar fá farseðilinn til Ástralíu. Íslenska liðið bardist og varðist hetjulega þegar liða tók á leikinn en fékk á sig afskaplega óheppilegt sigurmark.

Það var ljóst fyrir leik að jafntefli myndi duga íslenska liðinu á ögnarsterkum heimavelli Hollendinga sem höfðu ekki tapað keppnisleik á heimavelli í níu ár. Stelpurnar okkar voru með fullt hús stiga og ekki búnað að fá á sig mark frá fyrri leik liðanna síðasta haust fyrir leik dagsins.

Jafnræði var með liðunum fyrstu tíu mínútur leiksins en þegar liða tók á leikinn ýttu Hollendingar

655

Íslenska liðið hafði haldið hreinu í 655 mínútur í röð í undankeppninni þegar Holland skoraði sigurmarkið.

íslenska liðinu neðar á völinn og sóttu án afláts.

Sandra Sigurðardóttir átti stórleik í marki Íslands og átti nokkrar frábærar markvörslur og þá áttu Hollendingar þrjár tilraunir í markrammann í fyrri hálfleik. Þorsteinn Halldórsson brást við með skiptingu í hálfleik til að reyna að þetta raðirnar og veita meiri aðstoð í varnarvinnunni og áttu Hollendingar erfiðara uppdráttar við að skapa sér færi í seinni hálfleik.

Með hverri mínútu sem leið urðu Hollendingar örvæntingarfullri og Íslendingar öruggari í sínum



Sandra Sigurðardóttir var besti leikmaður vallarins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

aðgerðum. Þrátt fyrir að Ísland hafi litið haldið í bolta og ekki byggt upp margar góðar sóknir fengu Íslendingar dauðafæri til að gera út um leikinn um miðbik seinni hálfleiks þegar fyrirgjöf Gunnhildar Yrsu Jónsdóttur rataði á Sveindísi Jane Jónsdóttur en Sveindís hitti ekki boltann.

Svo virtist sem Íslendingar væru á leiðinni á HM í fyrsta sinn þegar Hollendingar höfðu heppnina með sér og skoruðu afar ódýrt mark. Fyrirgjöf Esme Brugs rataði í netið á 93. mínútu upp úr þurru þegar ekkert virtist benda til þess að Hollendingar myndu ná að brjóta niður íslenska varnarmúrinn. ■

# Þjóða til veislu hinum megin á hnettinum næsta sumar

helgifannar@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Heimsmeistaramótið árið 2023 fer fram í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Það hefst 20. júlí og lýkur sléttum mánuði síðar. Þetta er í fyrsta sinn sem löndin halda HM og jafnframt í fyrsta sinn sem tvö lönd halda keppnina saman.

Um niúnda HM í sögu kvennaknattspyrnunnar er að ræða. Í þetta sinn munu fleiri lönd en nokkru sinni fyrir taka þátt, alls 32. Það er átta löndum fleira en tóku þátt á HM í Frakklandi árið 2019.

Fjöldi landa hafði upphaflega áhuga á því að halda HM 2023. Nokkur þeirra heltust þó úr lestinni áður en kosið var. Að lokum

stóð valið á milli Ástralíu og Nýja-Sjálands annars vegar og Kólumbíu hins vegar, þar sem fyrrnefndu löndin höfðu betur.

Leikið verður á tíu leikvöngum í níu borgum. Fimm þeirra eru í Ástralíu og fjórar á Nýja-Sjálandi. Sjálfur úrslitaleikurinn fer fram í Sydney í Ástralíu þann 20. ágúst. Leikið verður á Accor-leikvanginum, sem tekur yfir 80 þúsund manns í sæti.

Mótið fer fram um hásumar í okkar hluta heimsins, en það sama er ekki hægt að segja um löndin sem halda það, þar sem verður hávetur meðan á HM stendur.

Bandaríska landsliðið er það sigursælasta í sögu keppinnar,

hefur fjórum sinnum orðið heimsmeistari. Það er jafnframt ríkjandi meistari eftir að hafa unnið síðustu tvö lokamót, árin 2015 og 2019.

Knattspyrna í kvennaflokki hefur stækkað hratt um allan heim undanfarin ár. Það sýndi sig jafnvel skýrast er áhorfendamet á Evrópumóti var sett á Wembley í Lundúnum í sumar, þegar enska landsliðið vann það þýska úrslitaleik. Rúmlega 87 þúsund manns mættu á leikinn. Þá voru hin ýmsu áhorfsmet í sjónvarpi einnig sett á mótinu.

Það er óhætt að fullyrða að knattspyrna í kvennaflokki á aðeins eftir að stækka með HM 2023 í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. ■



Bandaríkin vorðu Heimsmeistaratilinn árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# LAGERSALA

Nýjar vörur daglega  
30-80% afsláttur

Fatnaður  
Reiðhjól  
Tjöld  
Útilegubúnaður  
Bakpokar  
Svefnpokar  
Gönguskór  
Skíðabúnaður  
Hlaupavörur  
Og margt margt fleira...



Vango Osiris 500  
5 manna fjölskyldutjald  
99.995,- 50.000,-



Head E I-Peak RM  
Rafhjól - Herra og dömustell  
219.995,- 154.000,-



Head Trivor  
Rafhjól - Herra og dömustell  
299.995,- 210.000,-



Stevens Picton II  
Gravel - Shimano GRX  
210.995,- 105.500,-



Everest

## Merkisatburðir

- 1191** Ríkarður Ljónshjarta sigrar Saladín í orrustunni við Arsuf.
- 1533** Elísabet 1. Englandsdrottning fæðist.
- 1812** Frakkar ráðast inn í Rússland og baráttan um Borodino hefst. Sú baráttan reynist sú blóðugasta á ferli Napóleons hershöfðingja.
- 1821** Simón Bólivar stofnar lýðveldið Stór-Kólabíu.
- 1822** Brasília lýsir yfir sjálfstæði frá Portúgölum.
- 1895** Fyrsti rúgbi-leikurinn er spilaður á Englandi.
- 1921** Fyrsta keppnin um Ungfrú Ameríku er haldin í Atlanta.
- 1927** Fyrsta sjónvarpið sem er algjörlega rafrænt kemur á markað.
- 1936** Bandaríski söngvarinn **Buddy Holly** fæðist.
- 1940** Þýskar sprengjuflugvélar hefja árásir á Lundúni.
- 1947** Ísland gerist aðili að Bernarsáttmálanum.
- 1959** Alfreð Gíslason handboltamaður fæðist.



- 1973** Mósakmynd **Gerðar Helgadóttur** er afhjúpuð á vegg Tollstöðvarhússins í Reykjavík.
- 1986** Desmond Tutu verður fyrsti maðurinn sem leiðir evangelíska kirkju í Suður-Afríku.
- 1987** Leikkonan Evan Rachel Wood fæðist.
- 1992** Haraldur 5. og Sonja, konungshjón Noregs, heim-sækja Ísland í þrjá daga.
- 1996** Rapparinn og leikarinn Tupac Amaru Shakur er skotinn fjórum sinnum. Hann deyr af sárum sínum sex dögum síðar.
- 1999** Yfir 140 farast í jarðskjálfta í Aþenu.



Erindið tengist yfirstandandi sýningu Jessicu Auer landvarðar.

MYND/JESSICA AUER

## Áskoranir í landvörslu

Fulltrúar frá Landvarðafélagi Íslands munu fræða gesti Ljósmyndasafns Reykjavíkur um áskoranir í landvörslu og deila skemmtilegum sögum úr starfi.

arnartomas@frettabladid.is

Í tengslum við sýninguna Landvörður sem stendur yfir á Ljósmyndasafni Reykjavíkur munu fulltrúar Landvarðafélags Íslands flytja erindi á safninu á fimmtudag klukkan 16. Þar munu þær Nína Aradóttir, formaður Landvarðafélagsins, og Júlía Björnsdóttir, landvörður í Öskju, fjalla um mikilvægi náttúrutúlkunar, segja skemmtilegar sögur úr starfinu og fjalla um áskoranir sem stéttin stendur frammi fyrir.

„Það var bara brennandi áhugi á náttúrunni og náttúruvernd,“ svarar Nína aðspurð hvað laðaði hana að starfinu en hún er einnig í doktorsnámi í jökla-jarðfræði. „Þetta vinnur vel saman.“

Þær áskoranir sem landverðir á Íslandi standa frammi fyrir í dag eru að sögn Nínu að miklu leyti tilkomnar vegna samspils þess að við viljum vernda náttúruna á sama tíma og við viljum bjóða fólki inn á svæðin og sýna því hana.

„Við erum enn þá að vinna úr því að eftir að ferðamannastraumurinn á Íslandi jókst þá hefur landvarslan að mínu mati verið undirfjármögnuð,“ segir hún. „Það eru ekki nógu margir að sinna störfunum sem við eigum að vera að sinna.“

Sem dæmi um svæði sem hefur orðið fyrir bardinu á auknum ágangi ferðamanna nefnir Nína Friðland að Fjallabaki þar sem hún hefur unnið á undanförunum árum.

„Þótt það hafi margt gott gerst þar síðastliðin sumur þá höfum við ekki náð að standa straum af öllum þeim verkefnum sem eru þar miðað við fjölda ferðamanna,“ útskýrir hún. „Þetta snýst bæði um að halda svæðinu snyrtilegu

en líka að fræða og tryggja öryggi gesta. Við verðum að þekkja færð og aðstæður á leiðum sem fólk gengur og keyrir og að halda þeim í góðu ástandi.“

Nína segir að verkefnið geti verið tímabær, til dæmis í Landmannalaugum þar sem mikið er um langar gönguleiðir. Nýlegt dæmi um ágang á náttúruna var utanvegaakstur í Vatnajökulsþjóðgarði sem rataði í fjölmiðla á dögnum.

„Þótt lífríkið á þessum stöðum sé ekki augljóst þá er það mjög mikilvægt. Förlin sem bílarnir skilja eftir geta breytt svo miklu því þeir geta skilið eftir rás sem breytir farvegi vatns sem getur haft keðjuverkandi áhrif á svæðinu, segir Nína. „Þegar keyrt er á grónum svæðum, að ég tali nú ekki um á mosavöxnum svæðum, þá geta áhrifin verið enn alvarlegri. Svo hefur þetta líka sjónræn áhrif sem getur skemmt upplifun fólks af svæðinu. Mikilvægasta forvörn þegar kemur að utanvegaakstri er í rauninni fræðsla.“ ■

## Gengið um vöggum pönksins

arnartomas@frettabladid.is

Gunnar Lárus Hjálmarsson, einnig þekktur sem Dr. Gunni, leiðir svokallaða pönkgöngu í Kópavoginum í hádeginu í dag. Gangan hefst á Bókasafni Kópavogs og liggur um Hamraborgina sem varð einhver helsti pönkvettvangur Íslands við upphaf níunda áratugarins.

„Við byrjum á bókasafninu korter yfir tólf og þaðan verður stefnan sett inn í steinsteypufrumskóginn Hamraborg,“ segir Gunni. „Ég byrja söguna á Félagsheimilinu í Kópavogi sem má segja að sé vagg pönksins á Íslandi.“

Félagsheimilið var byggt í Hamraborginni, að Fannborg 2, árið 1959. Þar voru salir þar sem haldnar voru kvikmynda- og leiksýningar en líka fjölmargir tónleikar. Aðstædan varð að miðstöð fyrir íslenska pönkara og léku þar meðal annars sveitir á borð við Fræbbllana og Utangarðsmenn.

„Kópavogur var yngsta sveitarfélagið, þar var mikill uppgangur og stuð. Það var mikið af ungum krökkum og allir til í þetta.“

Það voru ákveðin kaflaskil þegar Bubbi Morthens kom fram með Utangarðsmönnum 1980 en Gunni spilaði á



Dr. Gunni leiðir gönguna í myrkviði steinsteypu-frumskógar Hamraborgar.

MYND/ADSEND

gítar á þeim sömu tónleikum með sveitinni Dordinglum.

„Ég bjó þarna rétt hjá og frelsaðist þarna til pönksins,“ segir hann. „Þetta voru fyrstu tónleikarnir sem ég spilaði á.“

### Skammlífgróska

Gríðarleg stemningin í pönkinu var

meðal annars tilkomin af langvarandi þreytu nýrrar kynslóðar á poppi og rokki á Íslandi á þeim tíma.

„Þetta var búið að vera sama fólkið meira og minna allan áratuginn á undan – HLH flokkurinn, Brimkló, Nína og Geiri, og hvað þetta hét allt. Það voru margir sem fundu sig ekki í þessu poppi og voru að bíða eftir einhverju,“ segir Gunnar. „Það gerðist svo þegar Fræbbllarnir voru þarna að pönka og Bubbi sló í gegn sem það koma þessi skörpu kaflaskil í íslenska rokksögu. Það kemur ný kynslóð inn og það myndast svaka rigur þar á milli.“

Sá rigur speglast ansi vel í línu Utangarðsmanna í laginu Rækjurgæ: „Ég er löggiltur öryrki, hlusta á HLH og Brimkló.“

„Þetta tímabil, sem hefur síðan verið kallað Rokk í Reykjavík-tímabilið, var þó ansi stutt,“ segir Gunnar. „Friðrik Þór skaut heimildarmyndina þegar þetta allt var að gerast og það má segja að tímabilið hafi eiginlega dáið þegar hann frumsýndi þá mynd 1982. Þetta eru ekki nema tvö ár, en það var gríðarleg gróska sem átti sér stað þarna.“

Pönkgangan hefst klukkan 12.15 og er þátttaka ókeypis. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Unnur Svandís Magnúsdóttir

Melbæ 7, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 8. september kl. 13.

Athöfninni verður streymt á: <https://youtu.be/V113NURdzpE>

Magnús G. Benediktsson  
Hólmfríður Benediktsdóttir

Birgitta Thorsteinson  
Þorgils Ingvarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

### Stefán Ingi Hermannsson

(Bói)

rafvirkjameistari,

lést á Landspítalanum þann 5. september síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Guðriðarkirkju í Grafarholti þann 12. september kl. 13.

Hrafnhildur Björg Gunnarsdóttir  
Hlynur Stefánsson

Sindri Stefánsson Sigrún Ben

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



# „Vildi að ég gæti **leikið** meira **við börnin mín**“

Róbert Jóhannsson  
Ristilkrabbamein



Eftir að ég  
**greindist**  
sé ég lífið  
í nýju ljósi

Vertu ljósavinur

Tryggðu krabbameinsgreindum  
**fría endurhæfingu.**



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Útkall (e) Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar. (e)
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraddir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Markaðurinn (e)

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Players (2022)
- 15.30 Black-ish
- 15.55 We Need to Talk About Cosby
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island (US) Skemmtileg raunveruleikasæra um falleg og einhleyp bandarísk ungmennti sem koma saman og lifa lúxuslífi í paradís í þeirri von að finna ástina.
- 20.10 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
- 21.05 Transplant
- 21.55 Yellowjackets
- 22.55 Queen of the South
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Love Island (US)
- 01.15 FBI. Most Wanted
- 01.50 Yellowstone
- 02.35 The Resident
- 03.20 Dan Brown's The Lost Symbol
- 04.05 Walker
- 04.50 Tónlist

Markaðurinn á Hringbraut

Viðskiptaþátturinn Markaðurinn er sýndur á Hringbraut í kvöld klukkan 19.00. Í þætti kvöldsins kennir ýmissa grasa en þar ræðir Guðmundur Gunnarsson við Önnu Margréti Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra Evris, um styrkjaumhverfi íslenskra sprotafyrirtækja og Magdalena Anna Torfadóttir við hagfræðinga viðskiptaráðs.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 land í afriku
- 5 fát
- 6 óxull
- 8 þrjúta
- 10 ólæti
- 11 ásynja
- 12 atóm
- 13 grönn
- 15 hnífjafn
- 17 skrækja

LÓÐRÉTT

- 1 hrekja
- 2 ljósfæri
- 3 óvirða
- 4 skoran
- 7 fiskur
- 9 gair
- 12 berjast
- 14 vatnsflaumur
- 16 skóli

LÁRÉTT: 1 álsir, 5 fúm, 6 ás, 8 skalka, 10 at, 11 ein, 12 ein, 13 neit, 15 alljafn, 17 garga.  
LÓÐRÉTT: 1 áfsanna, 2 lúkt, 3 smá, 4 rákin, 7 sardína, 9 leitar, 12 eifa, 14 eilg, 16 fgr.

RÚV Sjónvarp

- 11.20 Tyrkland - Spánn Bein útsending frá leik á EM karla í körfubolta.
- 13.25 Útsvar 2013-2014 Kópavogur - Fljótsdalshérað.
- 14.35 Hvunndagshetjur Jonna og Órlygur.
- 15.05 Frakkland - Slóvenía Bein útsending frá leik á EM karla í körfubolta.
- 17.15 Rabbabari
- 17.30 Orðbragð III
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hundurinn Ibbi
- 18.05 Hæ Sámur
- 18.12 Lundaklettur
- 18.19 Víkingaprinsessan Guðrún
- 18.24 Lestrarhvatni
- 18.31 Skotti og Fló
- 18.39 Minnsti maður í heimi
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins SSSÓL - Svo marga daga.
- 18.52 Víkinglöttó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Með okkar augum
- 20.40 Mikilsverð skáldverk Bøger der gør en forskel
- 21.10 Nútímaffjölskyldan Bonusfamiljen Þriðja þáttaröð þessara sænsku þátta um flækjurnar sem geta verið í samsettum fjölskyldum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Louis Theroux. Lífið á ystu nöf Louis Theroux. Life on the Edge
- 23.15 Í saumana á Shakespeare - Ys og þys út af engu
- 00.10 Dagskrárlok

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Dýraspítalinn
- 09.50 Manifest
- 10.35 Your Home Made Perfect
- 11.30 Matargleði Evu
- 11.55 Um land allt
- 12.30 Nágrannar
- 12.55 Ísskápastríð
- 13.30 Einkalífið
- 14.00 Gulli byggir
- 14.50 Besti vinur mannsins
- 15.10 Lóa Pind. Battlað í borginni
- 15.45 Fósturbörn
- 16.10 X-Factor Celebrity
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 LXS
- 19.30 10 Years Younger in 10 Days
- 20.15 Cheaters
- 20.40 Coroner
- 21.25 Unforgettable
- 22.10 The PM's Daughter
- 22.35 Rutherford Falls
- 23.00 S.W.A.T.
- 23.45 Absentia
- 00.25 Animal Kingdom
- 01.10 The Mentalist
- 01.45 Manifest
- 02.30 X-Factor Celebrity

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Pizherlauri átti leik gegn Issakov í Sykyvkar árið 1978.

1...Dxg3! 2. Dxd5+ Hxd5 3. fvg3 Hxx2+! 4. Kxx2 Hh5# 0-1.

www.skak.is: Allar nýjustu skákfréttirnar

Sudoku

		3		4	7		1	
9		5	1	2			6	7
			7		5		2	
2		8			4		1	7
3			9					5
		1					9	8
4				3	8			
		9		7				
	8	1				2		

			1				6	
	4					9	5	1
8				4		7		9
	5		3					
				8		2		
					6	1		
	6				2		3	5
			4					
3	9							8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 14. september.

Í blaðinu gefst fyrirtækjum og einstaklingum kostur á að kaupa kynningu eða hefðbundna auglýsingu.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi  
Netfang: jonivar@frettabladid.is - Beinn sími: 550-5654



# Klípum stelpuna svo hún gráti gulli

## TÓNLIST

### Mærþöll

**Þórunn Guðmundsdóttir**

**Leikstjórn:** Bjarni Thor Kristinsson

**Hljómveitarstjórn:** Guðni Franzson

**Gamla bíó**

fimmtudagur 1. september

Jónas Sen

Tónskáldið Frederic Chopin, sem var uppi á fyrri hluta nítjándu aldar, var einstaklega trúgjarn. Hann frétti af svokallaðri „talandi maskínu“ og skrifaði ákafur til foreldra sinna að vélin gæti víst ekki bara talað, heldur sungið mjög vel. Svo bætti hann við: „Ef óperustjórnendur gætu haft mörg svona vélmenni, þá gætu þeir losnað við kórsöngvara, sem kosta fúlgur fjár og eru endalaust til vandræða.“

Í Mærþöll, nýrri óperu eftir Þórunni Guðmundsdóttur, sem frumsýnd var á fimmtudaginn í Gamla bíói, var enginn kór, en töluvert um samsöngsatriði. Þau voru sum býsna flókin. Ekki var að heyra að neinn söngvari væri „endalaust til vandræða“ og því varla þörf á vélsöngvara. Samsöngurinn var hreinn, nákvæmur og fullur af krafti.

#### Grætur gulltárum

Óperan fjallar um hertogahjón sem geta ekki eignast barn, en þá koma álfkonur og bjarga máluðum. Dóttirin sem fæðist, Mærþöll, er



Í heild var þetta því ágæt sýning. Helsti gallinn var að stundum var erfitt að greina hvað söngvararnir voru að syngja um.

ekki allveg eins og fólk er flest, því hún getur grátið gulltárum. Þetta kemur sér vel síðar er hertoginn verður blankur; þá er ekkert annað en að klípa Mærþöll svo hún fari að hágráta. Verst er að hún er svo glæðlynd að hún grætur eiginlega aldrei, og svo er hún fljót að hlaupa undan tóngum hertogans.

Eins og sjá má er þetta gaman-ópera, og margt í henni var mjög myndið á frumsýningunni. Álfkonurnar þrjár, tvær góðar en ein ekki svo góð, því henni tókst ekki að ná sér í karlmann, voru kostulegar. Þær voru leiknar af Lilju Guðmundsdóttur, Heiðdís Hönnu Sigurðardóttur og Erlu Dóru Vogler. Söngur

þeirra var flottur, og svo höfðu þær allar svo mikinn sjarma að maður horfði á þær dáleiddur.

#### Björk var mögnuð

Mærþöll var leikin af Björk Nielsdóttur sópran og var mögnuð. Björk er ein besta söngkona landsins, rödd hennar var tær og hljómmikil í senn og leikurinn var skemmtilegur. Gunnlaugur Bjarnason var Pétur prins, og hann söng af grípandi tilfinningu og lék afar vel. Þegar hann missti vitid um stund var það svo sannfærandi að það væri eiginlega „krípi“.

Svipaða sögu er að segja um frammistöðu hinna söngvaranna:

Að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins var samsöngur söngvaranna hreinn, nákvæmur og fullur af krafti.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYFÓR

Eyjólfs Eyjólfssonar, Þórunnar Önnu Örnólfsdóttur, Hönnu Dóru Sturludóttur, Halldóru Óskar Helgadóttur, Ólafs Freys Birki-sonar og Bjarna Thors Kristinssonar. Sá síðastnefndi var líka leikstjóri sýningarinnar og hefur tekist þrýðilega að gera hana heilsteypta og flæðandi. Þar var hvergi dauður punktur. Búningar og leikmynd voru auk þess augnauki.

#### Gamaldags leikhústónlist

Tónlistin var í hefðbundnum dúr og moll, og mjög lagræn. Hún var dálítið einsleit og líka ögn einfeltningsleg, kannski í stíl við gamaldags leikhústónlist. Líbrettóið, það er textinn, var einnig eftir Þórunni, og var hann hnyttinn og oft sérlega myndinn.

Lítil hljómveit lék undir, oktett sem Guðni Franzson stjórnaði af öryggi og festu. Jafnvægi á milli hljómveitar og söngs var eins og best var á kosið.

Í heild var þetta því ágæt sýning. Helsti gallinn var að stundum var erfitt að greina hvað söngvararnir voru að syngja um og hefði textavél verið til mikilla bóta. Jafnframt hefði mátt vera meira um söguþráðinn í leikskranni, sem var í skötulíki. En það var gaman að koma í Gamla bíó, þar sem Íslenska óperan sleit barnskónum. Þaðan á maður svo sannarlega margar góðar minningar. ■

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg sýning með flottum söng.

ROTATE

BY MALENE  
BIRGER

Filippa K

DAY

BIRGER & MIKKELSEN

DIESEL®

'S MaxMara

- MERKI FYRIR MINNA -

POP UP  
MERKJAMARKAÐUR

KEX HOSTEL

SKÚLAGATA 28

8.-11. SEPTEMBER

OPIÐ 11:00-18:00

allt að  
60%

AFSLÁTTUR

GK

REYKJAVÍK

eva

Kultur Kultur COMPANYS  
menn

KARAKTER  
KONUR

gs skór

GANNI

SAMSØE SAMSØE

Acne Studios

InWear

billi bi  
COPENHAGEN

GERARD DAREL

Matinique

\*ásamt fleiri merkjum

Tónlistarmaðurinn Háski er með fróðustu mönnum þegar hugarheimur J.R.R. Tolkien er annars vegar og hann er sáttur við það hvernig þáttaröðin *The Lord of the Rings: The Rings of Power* fer af stað á Amazon Prime.

benediktarnar@frettabladid.is

Þættirnir *Rings of Power* sem eru einhvers konar forleikur að því sem síðar gerist í bókum J.R.R. Tolkien um *Hobbitann* og *Hringadróttins sögu* hófu göngu sína á streymisveitunni Amazon Prime fyrir helgi og hafa þegar að vonum vakið mikla athygli og umtal.

Þættirnir eiga að vera stóra trompið hjá streymisveitunni sem hefur frá upphafi staðið í skugganum af Netflix. Allt er því lagt í sölnar og þáttaröðin er sú dýrasta sem gerð hefur verið fyrir sjónvarp.

Sitt sýnist þó hverjum um það sem borið hefur fyrir augu í fyrstu tveimur þáttunum og eitthvað er um óánægjuraddir bókstafstrúaðra Tolkien-aðdáenda. Darri Tryggvason, tónlistarmaðurinn Háski, sem er flestum fróðari um heim Tolkien, er hins vegar sáttur við það sem komið er.

Hann segir að erfitt sé að bera þættina saman við kvikmyndapríleik Peters Jackson eftir *Hringadróttins sögu* en ætlar að fara jákvæður inn í þetta nýja ævintýri.

#### Allt önnur saga úr Miðgarði

„Við erum þannig náttúrulega bara að horfa á allt aðra sögu en við höfum séð áður úr Miðgarði. Þættirnir gerast á friðartímum, við sjáum að stóru álfaborgirnar eru enn upp á sitt besta, dvergaborgin *Khazad Dum* er á hátindi tilveru sinnar og eyjan *Númenór* er enn fyrir ofan sjávarmál.

Í *Hringadróttins sögu* eru flestir þessir staðir í niðurniðslu eða alveg horfnir af kortinu, þannig að við fáum að sjá staði og karaktera sem við höfum aldrei séð áður,“ segir Háski.

„En það eru einhverjir karakterar sem við þekkjum í þáttunum, til dæmis Galadriel og Elrond sem léku stórt hlutverk bæði í *Hobbitanum* og *Hringadróttins sögu*. Svo er náttúrulega stóri vondi kallinn Sauron á sínum stað. Við munum sjá miklu meira af honum í þessum þáttum en við höfum séð áður og ég er virkilega spenntur fyrir því,“ segir Háski.

#### Kröfuharðir aðdáendur

Háski segir Amazon eiga erfitt verkefni fyrir höndum, en aðdá-

## Umdeild endurkoma í Miðgarði



Álfamærin Galadriel er ung og herská vígakona í *Rings of Power* og eflist við hverja raun og lætur verkin tala í mun meira mæli en þegar Cate Blanchett lék hana í kvikmyndapríleik Peters Jackson.

MYND/AMAZON PRIME



Álfakonungurinn Gil-galad ásamt þeim Galadriel og Elrond sem eru meðal þeirra fáu sem koma ekki alveg ný inn á sviðið.

MYND/AMAZON PRIME



Álfar á rökstólum en þó varla að ræða Vegagerðina.

MYND/AMAZON PRIME



Svo er náttúrulega stóri vondi kallinn Sauron á sínum stað. Við munum sjá miklu meira af honum í þessum þáttum.

er mikill aðdáandi *Hringadróttins sögu* og Tolkien og ég vona að Amazon geri þessa þætti vel,“ segir Háski, en hann telur að höfundar þáttanna hafi gert vel að koma fólki aftur í Miðgarð.

„Mér finnst Amazon hafa gengið þokkalega vel að koma áhorfendum aftur í þennan frábæra heim sem Peter Jackson gaf okkur með upp-runalega þríleiknum og Tolkien í bókunum sínum. Maður sér alveg að höfundar þáttanna eru að reyna koma með sitt handbragð á þetta í bland við það sem við höfum áður séð og þekkjum og ég fíla það,“ segir hann.

#### Hin umdeilda Galadriel

Einhverjar gagnrýnisráddir hafa samt heyrst um Galadriel og hennar hlutverk í þáttunum. Háski er á móti þessari gagnrýni og segir það ekki skipta máli hvort karl eða kona sé í aðalhlutverki.

„Það hefur verið mikið deilumál að Galadriel sé aðalpersóna þáttanna, en við kynntumst henni fyrst í *Hringadróttins sögu*. Í þessum þáttum er hún stríðsmaður sem leitast að myrkrhöfðingjanum Sauron, sem drap bróður hennar Finrod. Fyrir mér má hún alveg vera aðal-söguhetjan og stríðsmaður eins og einhver gaur, það skiptir engu máli.

Á meðan karakterinn er vel gerður þá ætti það ekki að trufla neinn, en við höfum bara séð tvo þætti og vitum í raun ekkert hvernig sagan hennar mun þróast,“ segir Háski.

„Ég myndi segja að fólk þurfi bara að fara með opið hugarfar inn í þetta ef það ætlar að njóta þess að horfa á þættina. Ef þú ferð inn í þetta með þær væntingar að þetta sé beint upp úr bókinni þá verðurðu aldrei sáttur við þættina.

Mér finnst bara geggjað að horfa á þættina eins og eitthvert nýtt dæmi og ekki vera að pæla of mikið í því ef hlutirnir eru ekki alveg eins og Tolkien skrifaði þá.“ ■



Tónlistarmaðurinn Háski.

endur Tolkien hafa ekki alltaf verið ánægðir með meðferðina sem þessar sigildu sögur hafa fengið á hvíta tjaldinu.

„Þeir allra hörðustu hafa alltaf átt erfitt með hvernig kvikmyndagerðarmenn hafa farið með efnið hans Tolkien. En að mínu mati er þetta bara múgæsingur. Það er alltaf svo auðvelt að vera neikvæður frekar en að vera jákvæður gagnvart hlutum.

Ég ákvæð að vera opin fyrir þessum þáttum vegna þess að ég

## ■ Tímavélin

# Fyrsti og síðasti miðilsfundur Vegagerðarinnar

sigurjon@frettabladid.is

Vegagerðin gerði á miðilsfundi árið 1977 samkomulag við huldúfólk um klöpp sem sprengja átti í Tröllaskarði á Hegranesi í Skagafirði.

G. Pétur Matthiasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir þennan fund líklegast fyrsta og síðasta miðilsfundinn sem Vegagerðin sækir, þótt hún starfi vissulega í menningarsögulegu tilliti.

„Því álfatrúin er þekkt og viðvarandi á Íslandi þannig að, jafnt eins og fornleifar eða hvað annað, þá horfum við til þess í okkar framkvæmdum.“ Vegagerðin hefur þó ekki séð ástæðu til þess að nýta þjónustu miðla í 45 ár. „Þetta kemur alveg örugglega ekki aftur upp. Það er alveg hundrað prósent að við erum ekki að fara aftur á miðilsfund,“ segir G. Pétur.



Vegagerðin hefur ekki þurft að biðja jarðýtum sínum griða í áratugi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

#### Vegir álfatrúarinnar

„Í lok sjöunda áratugarins var farið undirbúa nýja vegagerð yfir Hegranesi í Skagafirði. Ákveðið var að láta veginn liggja um svokallað Tröllaskarð og að klettar í skarðinu yrðu

sprengrir niður til að bæta hæðarleguna,“ segir í samantekt Viktors Arnars Ingólfssonar, útgáfustjóra Vegagerðarinnar, um Vegagerðina og álfatrú.

Á miðilsfundi hjá Hafsteini

Björnssyni, sem haldinn var á Sauðárkróki, kom fram að álög hvíldu á Tröllaskarði og því mætti ekki sprengja það. Vegagerðin kippti sér ekki upp við frásögn Hafsteins, þrátt fyrir að hann væri þjóðþekktur miðill.

#### Huldúfólkið bregst við

Það var ekki fyrr en annar sjáandi varaði rekstrarstjóra Vegagerðarinnar við að eitthvað gerðist. Verkfræðingar frá Vegagerðinni sóttu því miðilsfund hjá Hafsteini, sem tókst ekki að sannfæra þá um álögin. Framkvæmdir hófust með þeim afleiðingum að vél í jarðýtu bilaði og hljóð heyrðust frá

henni. Starfsfólk Vegagerðarinnar tengdi það við huldúfólkið og tók aðra jarðýtu til notkunar.

Vegurinn var að lokum lagður yfir klöppina á Tröllaskarði án þess að nokkuð væri sprengt. Vegurinn stendur enn í dag eins og hann var lagður árið 1977. Engin slys hafa orðið á veginum frá því hann var lagður yfir Tröllaskarð en sumir trúna því að huldúfólk verndi vegfarendur að launum fyrir tillitssemina sem Vegagerðin sýndi fyrir um 45 árum. ■

Tæplega hálf öld er síðan Vegagerðin samdi síðast við álfa og huldúfólk með aðstoð miðils.



ÚTSÖLUBOMBUR! 50% AFSLÁTTUR

# ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG!

9" panna  
Nú: 1.495,-  
Áður: 2.990,-



3 bolla kaffikanna  
Nú: 3.495,-  
Áður: 6.990,-



Matarsett fyrir einn  
Nú: 1.995,-  
Áður: 3.990,-

Destination Kitchen Set 24  
Ferðasett fyrir fjóra  
Nú: 6.995,-  
Áður: 13.990,-



Ferðaglös 2 stk  
Nú: 2.345,-  
Áður: 4.690,-



Halulite Minimalist  
0,6L pottur og skaffall  
Nú: 3.995,-  
Áður: 7.990,-



Glæsilegt pottasett  
Nú: 9.495,-  
Áður: 18.990,-



icebreaker

Barnabólur  
Nú: 4.295,-  
Áður: 8.590,-



Barnaleggings  
Nú: 4.295,-  
Áður: 8.590,-

Icebreaker ullarfatnaður  
í barnastærðum  
fyrir 2-14 ára

ÚTSÖLUBOMBA! 50% AFSLÁTTUR

AFSLÁTTARBORÐIN  
VERÐA Á SÍNUM STAÐ!

# GG SPORT



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg\_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18

**Danskir DAGAR**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM\***

**CHRISTO**  
Borðstofuborð. Hvítolíuborin eik. Ø120 cm.  
Nú 111.992 kr. 139.990 kr.




Lukkulegir sigurvegarar í sveitakeppni Northern Lights-stórmótsins, Hrannar Erlingsson, Gunnar B. Helgason, Egill D. Brynjólfsson og Ari Konráðsson. MYND/ADSEND

## Gunnars Birgissonar minnst með glæsilegu stórmóti

Siglfirðingar halda minningu Gunnars Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra í Kópavogi og Fjallabyggð, á lofti og briddsfélag bæjarins hélt í liðinni viku veglegt mót honum til heiðurs enda sinni hann spilinu af einurð og alúð eftir að hann fluttist norður.

bth@frettabladid.is

Margar sögur voru sagðar af briddspilaranum Gunnari Birgissyni, fyrrverandi þingmanni og bæjarstjóra í Kópavogi og Fjallabyggð, á minningarmóti sem Bridgefélag Siglfjarðar hélt í liðinni viku.

Mótið nefndist Northern Lights Bridge Festival. Glæsileg peningaverðlaun voru í boði fyrir þá sem hrepptu þrjú efstu sætin, annars vegar í tvímenningsi og hins vegar sveitakeppni.

### Öflugur styrkjahöfðingi

Við mótsetningu þakkaði Ólafur Jónsson, fyrir hönd Bridgefélags Siglfjarðar, Gunnari einum nánast alfarið fyrir hve vel tókst til að safna fé fyrir mótið sem og önnur mót sem Gunnar kom að.

Ólafur sagði að húmoristinn Gunnar hefði verið þekktur fyrir að senda fyrst út reikning áður en hann hringdi í fyrirtækin með þeim orðum að hann þakkaði styrktarfjárhæðina. Þeir sem hann ræddi við hefðu aldrei átt neinn séns á að neita erindinu. Stöndug og stór fyrirtæki þurftu að punga út meira fé en þau minni.

Gunnar lést 14. júní 2021 eftir



Gunnar beitti einstæðum aðferðum við fjárflyun á meðan hann var og hét. Skarð er fyrir skildi en briddspilarnu nutu afkasturs vinnu hans um helgina. MYND/ADSEND

veikindi. Hann setti alla tíð sinn svip á samfélagið, hvar sem hann bjó, bæði nær og fjær.

Þegar Gunnar flutti norður til Siglfjarðar úr Kópavoginum varði hann drjúgum tíma í að glæða veg briddspilartarinnar fyrir norðan, enda mikill áhugamaður um framgang spilsins sem hann unni mjög.

### Gátu loks þakkað fyrir sig

Vegna Covid þurfti að fresta stórmótið á Siglfirði á sínum tíma. Það var því nokkru eftir hinsta dag Gunnars sem briddspilarnar frá öllu landinu fengu tækifæri til að koma saman í minningu hans og þakka fyrir sig. Hæstu peningaverðlaun á Siglfjarðarmótið, sem fram

fór í íþróttahúsinu, námu 750.000 krónum.

### Vandað til verka

Adalsteinn Jörgensen, einn spilaranna sem lönduðu heimsmeistaratitli árið 1991 í Yokohama, skrifar þannig um Gunnar:

„Gunnar var einkar stórhuga varðandi alla umgjörð þessara móta og vandaði vel til verka. Auðvitað gerði hann þetta ekki allt sjálfur, heldur virkjaði heimafólk á Siglfirði og þar munaði mikið um hinar fjórar fræknu, eins og ég kalla þær,“ segir Adalsteinn og vísar þar til máttarstólpa í héraði.

### Síðasta stórmótið

Í fyrsta sæti á mótið varð sveit Sessor með 128,50 stig. Þar spiluðu Hrannar Erlingsson, Gunnar B. Helgason, Egill D. Brynjólfsson og Ari Konráðsson.

Í öðru sæti varð sveit Íslensks landbúnaðar með 119,62 stig. Í sveitinni spiluðu Höskuldur Gunnarsson, Gunnar Þ. Gunnarsson, Björn Snorrason og Pálmi Kristmannsson.

Í þriðja sæti varð sveit Myllunnar með 118,49 stig. Í þeirri sveit spiluðu Helgi Sigurðsson, Gísli Steingrímsson, Haukur Ingason og Skafti Jónsson.

Anton Haraldsson og Guðmundur Halldórsson unnu tvímenningsinn.

Ekki er að óbreyttu útlit fyrir fleiri stórmót í bridds á Siglfirði, enda Gunnar Birgisson allur.

Briddspilarnar minnst Gunnars með þökk og virðingu, að sögn Ólafs Jónssonar. ■

## Sigurjón skoðar heldri aktívisma

toti@frettabladid.is

Sigurjón Sighvatsson, sem er þekktastur sem kvikmyndaframleiðandi, stígur fram sem leikstjóri í fyrsta skipti þegar hann frumsýnir heimildamynd sína Exxtinction Emergency á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF.

Myndin fjallar um hvernig umhverfissamtökin Extinction Rebellion spruttu upp í Bretlandi og svo um allan heim og urðu á skömmum tíma áhrifamesta afl



Sigurjón Sighvatsson, leikstjóri

baráttunnar á heimsvísu gegn loftslagsbreytingum. Áberandi og harðsnúnar aðferðir við að vekja athygli á loftslagsvánni hafa ögrað yfirvöldum og íhaldsöflum víða um heim.

Stór hluti aktívistanna er kominn af léttasta skeiði og stjórnvöldum hefur reynt erfitt að átta sig á hvernig eigi að meðhöndla borgaralega óhlyðni fólks á miðjum aldri og upp úr.

Náttúruvernd er Sigurjóni mjög hugleikin og þangað sækir hann drifkraftinn að baki þessu verkefni auk þess sem hann varð sjötugur þann 15. júní og er því kominn á virðulegan aldur eins og hluti fólksins sem hann er að fjalla um í myndinni. ■

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)

Sími: 558 1100

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut



# NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Hrein hönnun  
Hrein tækni  
Hrein tilfinning

Nýr og spennandi Renault Megane E-Tech er mættur! 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni\*\*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

**5 ÁRA ÁBYRGÐ\***

\*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á [www.renault.is](http://www.renault.is)

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





## Bakþankar

Önnu Sigrúnar  
Baldursdóttur



## Fullnaðarsigur

Nú hafa Danir formlega tvisvar legið í því og með rúmlega 50 ára millibili. Annars vegar var handritunum loksins skilað í upphafi áttunda áratugarins og nú, þegar meira en hundrað ár eru liðin frá fullveldi landsins gengust þessir fyrrum nýlenduherrar við alvarlegri sögufölsun. Af því bástu jú fréttir að að danski lakkrísframleiðandinn Johan Bulow hefði gerst svo kræfur að eigna sér hina al-íslensku hefð að setja súkkulaði og lakkrís saman. Johan þessi framleiðir lakkrísvörur, margar bara nokkuð góðar, en lét í veðri vaka á samfélagsmiðlinum Twitter að hann hefði fengið einhvers konar súkkulaðilakkrísvitrun.

Hvílík sögufölsun. Súkkulaði-húðaður lakkrís er jafn íslenskur og sviðakjammur og hákarl. Bara betri. Það voru nefnilega íslenskir neytendur sem fundu þetta upp, fólk keypti sér Síriuslengju og lakkrísrúllu og naut með „innihaldinu“ úr kókflösku í sjoppuhorni. Þetta hét eitt sett þar til að á markaðinn kom „Eitt sett“, sem reyndar var smá svindl því það er of lítill lakkrís í þeirri samsetningu. Síðan hefur orðið gríðarlega mikilvæg vöruþróun – Djúpur, Draumur og nú síðast piparlakkrís.

„Vér mótmælum allir!“ glumdi um samfélagsmiðla og svo römm voru mótmælin að Johan sá sína sæng upp reidda og gekkst við ósömanum.

Þetta opnar á tækifæri til að endurheimta stöðu Íslendinga gagnvart Dönum, sem alltaf líta nett niður á okkur. Og við eigum ýmissa harma að hefna. Maðkaða mjólið verður aldrei fyrirgefið, hvað þá úldna skreiðin. Vissulega þarf einhverja góða PR-stofu til að endurskoða úrslitin 14-2, en ég er viss um að það hefst.

#returnerealt  
(ég þurfti Google Translate, ákveðinn sigur í sjálfu sér). ■

UMHVERFISMERKI

**pappír  
umhverfið  
prentun**

**LITRÓF**

UMHVERFISVÆN  
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík  
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



# Engir tveir jöklar eru eins.

Sérstök útgáfa af Dyngju í takmörkuðu  
upplagi fer í sölu 15. september. Engin úlpa eins.

@66north  
66north.is